



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HUGVÍSINDASVIÐ

Brotin kuml

Ástæður kumlarána á Íslandi

RITGERÐ TIL B.A.-PRÓFS

Unnur Magnúsdóttir

Maí 2009

HÁSKÓLI ÍSLANDS

HUGVÍSINDASVIÐ

Fornleifafræði

Brotin kuml

Ástæður kumlarána á Íslandi

RITGERÐ TIL B.A.-PRÓFS

Unnur Magnúsdóttir

Kt.: 020383-5189

Leiðbeinandi: Gavin Lucas

Maí 2009

Ágrip

Í þessari ritgerð verður fjallað um kumlarán og ýmislegt sem þeim tengist. Meðal spurninga sem verður spurt er hvenær þau voru framin, af hverjum og hverju var rænt. Þær megin spurningar sem ég vildi svara voru:

1. Eru mismunandi gerðir af röskunum?
2. Hvar eru rofnu grafirnar staðsettar?
3. Hvað er eftir í gröfunum sem hafa verið rofnar?

Með þessum spurningum er ég að vonast til þess að fá mætti betri innsýn inn í ránin og jafnframt að kanna hvort þau væru hvert öðru lík eða ekki.

Ritgerðin byggist að miklu leyti á bókinni *Kuml og Haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* eftir Kristján Eldjárn og nýlegum rannsóknum sem hafa farið fram síðan bókin var endurútfarin árið 2000 og gefa mun skýrari mynd af grafarránunum en áður var til.

Kuml virðast hafa verið rofin út frá mismunandi ástæðum og fræðimenn hafa komið með mismunandi ástæður fyrir kumlarofum og hér áður fyrir þótti ekki nauðsynlegt að fjalla ýtarlega um þau. Kumlarán koma fyrir í sögum, bæði Íslendingasögum og þjóðsögum, svo ekki er hægt að neyta því að menn hafi vitað til þess að kuml hafi verið rænd á þeim tíma.

Um helmingur grafanna virðast hafa verið skildar eftir í óreiðu og einnig er nokkuð um tómar grafir. Það að bein séu skilin eftir út um allt bendir frekar til þess að leitað hafi verið eftir haugfé en tómar grafir geta bent til þess að beinin hafi verið tekin og flutt í kirkjugarð eða í annað kuml. Niðurstöðurnar úr þeim kumlarannsóknum sem fram hafa farið síðastliðin ár benda til þess að kumlin hafi verið rænd fyrir 1477.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	4
1.1. MARKMIÐ	4
1.2. AFMÖRKUN EFNIS OG AÐFERÐIR	4
1.3. TAKMARKANIR	5
2. SÖGULEGT YFIRLIT.....	6
2.1. INNGANGUR.....	6
2.2. KUMLARANNSÓKNIR Á ÍSLANDI FRÁ UPPHAFI	7
2.3. RANNSÓKNAR AÐFERÐIR Á ÍSLANDI	9
2.4. HAUGFÉ.....	10
3. SKOÐANIR FRÆÐIMANNA.....	14
3.1. A. W. BRØGGER.....	14
3.2. KRISTJÁN ELDJÁRN.....	15
3.3. MARTIN CARVER.....	16
3.4. FEDIR ANDROSHCHUK.....	17
3.5. HOWARD WILLIAMS.....	17
3.6. AÐRIR FRÆÐIMENN	17
3.7. KAFLANIÐURSTÖÐUR	18
4. SÖGULEGAR HEIMILDIR	20
4.1. ÍSLENDINGASÖGURNAR.....	20
4.2. ÞJÓÐSÖGUR.....	20
4.3. SNÆBJÖRN KRISTJÁNSSON	21
4.4. KAFLANIÐURSTÖÐUR	21
5. KUML OG HAUGFÉ.....	22
5.1. MISMUNANDI GERÐIR RÓSKUNAR	22
5.2. MANNABEIN FJARLÆGÐ FYRIR EÐA EFTIR KRISTNI.....	23
5.3. STAÐSETNING KUMLA	24
5.3.1. <i>Heimatún eða ekki</i>	25
5.4. HVÆÐ ER EFTIR Í GRÖFUNUM	26
5.4.1. <i>Kyn kumlbúans</i>	27
5.4.2. <i>Karllægir hlutir</i>	28
5.4.3. <i>Kvenlægir hlutir</i>	29
5.4.4. <i>Dýr</i>	30
5.5. KAFLANIÐURSTÖÐUR	31

6. NÝLEGAR RANNSÓKNIR.....	32
6.1. HRINGSDALUR	32
6.2. KÁLFSKINN	32
6.3. SALTVÍK Í REYKJAHVERFI	33
6.4. LITLU-NÚPAR Í AÐALDAL.....	34
6.5. KAFLANIÐURSTÖÐUR	36
7. NIÐURSTÖÐUR.....	37
8. HEIMILDIR.....	40
8.1. ÚTGEFIÐ EFNI	40
8.2. ÓÚTGEFIÐ EFNI.....	42
VIÐAUKI	43

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. MISMUNANDI GERÐIR RÖSKUNAR.....	22
TAFLA 2. STAÐSETNING RASKAÐRA KUMLA	25
TAFLA 3. HAUGFÉ EFTIR Í GRÖFUNUM	26

1. INNGANGUR

1.1. MARKMIÐ

Í þessari ritgerð verður fjallað um kumlarán og ýmislegt sem þeim tengist. Meðal spurninga sem verður spurt er hvenær þau voru framin, af hverjum og hverju var rænt. Þær megin spurningar sem ég vildi svara voru:

1. Eru mismunandi gerðir af röskunum?
2. Hvar eru rofnu grafirnar staðsettar?
3. Hvað er eftir í gröfunum sem hafa verið rofnar?

Með þessum spurningum er ég að vonast til þess að fá mætti betri innsýn inn í ránin og jafnframt að kanna hvort þau væru hvert öðru lík eða ekki.

Ritgerðin byggist á miklu leyti á bókinni *Kuml og Haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* eftir Kristján Eldjárn sem út kom 1956 en var endurútgefin árið 2000 með viðbótum frá Adolfi Friðrikssyni. Þar er sagt frá öllum þekktum kumlfundum fram til ársins 1999. Þar eru tilgreindir alls 157 kumlastaðir og 46 staðir í viðbót sem ef til vill hafa verið kumlastaðir.¹ Að auki byggist ritgerðin á mikilvægum nýjum rannsóknum sem ekki hafa verið gefnar út en gefa mun skýrari mynd af grafarránum en áður var til.

1.2. AFMÖRKUN EFNIS OG AÐFERÐIR

Umfjöllunarefnið verður aðallega kumlarán á Íslandi og að mestu leyti verður stuðst við bók Kristjáns Eldjárns eins og fram hefur komið. Að auki verður einnig fjallað um nokkra nýja kumlastaði sem rannsaðir hafa verið frá því bókinni kom út endurútgefin árið 2000. Einnig verður aðeins fjallað um það hvað aðrir fræðimenn hafa sagt um kumlarán.

Þær aðferðir sem helst eru notaðar í kumlarannsóknunum eru uppgröftur, skráning á vettvangi, aðferðir mannabeinafræði, aðferðir dýrabeinafræði, formgerðarfræði við rannsóknir á því sem í gröfunum finnst og síðast en ekki síst gjóskulagafræði.²

Ég fór í gegnum alla bókina og tók út þau kuml sem til eru heimildir um að hafi verið rænd. Síðan bjó ég til töflu sem ég setti allar þær upplýsingar inn í sem ég taldi mig

¹ Kristján Eldjárn 2000:16

² Kristján Eldjárn 2000:16

þurfa að nota við rannsókn mína. Þær tölur og staðreyndir sem ég nefni í ritgerðinni eru ekki endilega alveg nákvæmar tölur þar sem mér gæti hafa sést yfir einhverja hluti. Samtals eru 157 kumlastaðir nefndir í Kuml og haugfé og af þeim hafa 41 verið rændir eða 26%. Ég taldi þó 63 grafir sem höfðu verið rændar en oft voru fleiri en ein rænd gröf á sama stað. Taflan fylgir hér aftan við í viðauka 1.

1.3. TAKMARKANIR

Þau kuml sem finnast eru oft illa leikin vegna uppblásturs, landbrots eða vinnuvéla sem hafa raskað þeim í tengslum við t.d. vegagerð eða jarðrækt. Einnig hafa mörg þeirra kumla sem hafa fundist verið rofin fyrir á öldum. Menn hafa verið að leita að einhverju verðmætum í þeim eða þeim verið hróflað óvart.³

Aðalvandamálið við rannsóknir á grafarránum er hversu ónákvæmar margar af eldri uppgraftarskýrslunum eru. Oft er ekkert tilgreint um það hvernig beinin liggja í gröfunum eða hvaða bein eru enn í gröfinni yfirhöfuð. Þar að auki er lítið tekið fram hvernig gjóskulögin liggja en gjóskulagafræðin geta verið mjög hjálpleg. Einnig er mjög lítið sagt um það hvenær grafirnar voru rændar

³ Adolf Friðriksson 2004a:57

2. SÖGULEGT YFIRLIT

2.1. INNGANGUR

Grafir frá heiðni hafa vakið áhuga manna í margar aldir, oft vegna ránsfengsins og þjóðsagnanna sem til eru um grafirnar. Í gegnum tíðina hafa fornleifafræðingar talið sig hafa fundið hof, helgistaði, margar heiðnar grafir, og mikið af haugfé frá heiðni. Þó verður að taka tillit til þess að margar af þeim rannsóknum voru ekki gerðar af fagfólki. Fornleifar frá kristni þóttu áður fyrr ekki áhugaverðar, en á seinni hluta 20. aldar hefur þeim verið sýndur meiri áhugi. Flestir af landnámsmönnum sem komu til Íslands voru heiðnir en þó hefur einhver hluti af landnámsmönnum verið kristnir. Helstu heimildir sem við höfum um heiðna trú á Íslandi eru Snorra-Edda, eftir Snorra Sturluson, Landnáma, Íslendingabók, Íslendingasögurnar. Þessar heimildir eru þó ekki að öllu leyti áreiðanlegar þar sem þær voru skrifaðar niður þegar Íslendingar höfðu tekið upp kristna trú. Almennt er talið að Íslendingar hafi skipt yfir í kristna trú rétt um 1000 eftir Krist en þó var ennþá leyfilegt um hríð að stunda heiðna trú að einhverju leyti. Sem dæmi má nefna að leyfilegt var að tilbiðja goð í einrúmi í einhvern tíma eftir kristnitökuna.⁴

Í rannsóknum sem gerðar hafa verið á Norðurlöndunum kemur fram að töluverður munur er á greftrunarsíðum eftir staðsetningu. Frá einu samfélagi til annars meðhöndlaði fólk láttnar manneskjur á nokkuð fjölbreyttan hátt, allt frá bálför til jarðarfarar. Einnig var mismunandi í hvaða stellingu líkin voru grafin og hvaða haugfé var sett með þeim. Haugféð var mjög mismunandi, allt frá litlum hlutum til farartækja, húsgagna, landbúnaðaráhalda, slátraðra dýra og í einstaka tilfellum var öðrum einstaklingum fórnað. Algennt er að á eyjum, svo sem á Gotlandi, Ölandi og Borgundarhólmi, myndist aðrar helgiathafnir en á nálæga meginlandinu. Greftrunarsíðirnir voru einnig mismunandi í löndunum í og við Norður Atlandshafið. Á Íslandi og Grænlandi voru bálfarir til dæmis mjög óalgengar en í Englandi eru grafhaugar ekki algengir.⁵

⁴ Adolf Friðriksson 1994:47

⁵ Neil Price 2008:258-259

2.2. KUMLARANNSÓKNIR Á ÍSLANDI FRÁ UPPHAFI

Grafir frá forkristni eru yfirleitt taldar vera frá tímabilinu frá landnámi, en þá er venjulega miðað við árið 874 e.Kr., og fram til þess að kristni var lögtekin árið 1000 eða þar um bil. Þótt þægilegt sé að afmarka forkristnu grafirnar við svo stutt tímabil er ekki raunhæft að hafa skilin svo skörp. Greftrunarsiðir, trúarbrögð og venjur fylgja ekki alltaf sömu skiptingu og þau tímabil sem notuð er í sagnfræðinni. Líklegt er að þeim greftrunarsiðum sem tíðkuðust fyrir kristnitöku hafi verið framhaldið á einhverjum stöðum eitthvað lengur og einnig er líklegt að kristnar greftranir hafi þekkt fyrir árið 1000. Grafirnar frá því fyrir kristni bera sérstök einkenni. Þær eru meðal annars ekki í kirkjugörðum, þær snúa ekki endilega í austur-vestur, fleiri en einn einstaklingur getur verið í sömu gröf og haugfé finnst í gröfum auk dýrabeina. Að sjálfsögðu eru undantekningar frá þessu en þetta er gerðafraðileg lýsing grafa frá þessu tímabili, og þessar tegundir af gröfum eru nefnd kuml. Að auki er hægt að notast við raunvísindalegar aðferðir við aldursgreiningu á landnáminu, með því að notast við kolefnisgreiningar eða AMS-greiningar á beinagrindum sem falla innan þess tímabils sem hér um ræðir.⁶

Ýmsir fræðimenn hafa tekið þátt í því að grafa upp, skrá og rannsaka íslensku kumlin og óhætt er að segja að Kristján Eldjárn hafi farið þar fremstur í flokki. Kristján skrifaði doktorsritgerð sína, *Kuml og Haugfé*, sem kom út árið 1956, en hún var fyrsta heildaryfirlitið yfir þekktar grafir frá því fyrir kristni. Kumlin höfðu fundist af ýmsum fræðimönnum og ófaglærðu fólki á ýmsum tímum í gegn um tíðina. Árið 2000 kom út endurskoðuð útgáfa af *Kuml og haugfé* í ritstjórn Adolfs Friðrikssonar en í seinni útgáfuna hafði einnig verið bætt við þeim kumlum sem fundist höfðu eftir árið 1956 og nýjum upplýsingum sem fram höfðu komið. Eins og fram kom að framan safnaði Kristján Eldjárn saman heimildum um öll þau kuml er fundist höfðu fram til ársins 1955 og reyndi að draga fram almenna mynd af þeim greftrunarsiðum sem tíðkuðust á Íslandi þar til Íslendingar tóku upp kristna trú.⁷

Elstu grafirnar sem fundist hafa á Íslandi til þessa eru frá ofanverðri víkingaöld. Ekki eru til neinar ritaðar heimildir um íslenska greftrunarsiði frá heiðnum tíma og eru kumlin því eina heimildin. Árið 2004 höfðu fundist kuml á um 160 stöðum og alls

⁶ Ruth Maher 2007:152

⁷ Kristján Eldjárn 2000:11

hafa fundist um 360 grafir. Legstaðirnir hafa að sjálfsgöðu verið mun fleiri en margir þeirra hafa horfið við rask og enn leynast þeir víða.⁸

Í fyrstu voru fornleifafræði og kumlarannsóknir að mestu leyti drifnar áfram af andrúmsloftinu í kringum sjálfstæðisbaráttuna á þremur síðustu áratugum 19. aldarinnar og mikil áhersla var lögð á að tengja fornleifar við Íslendingasögurnar. Þá tíðkaðist að grafir og aðrar fornleifar væru tengdar beint við ákveðna hluti úr sögunum. Tilgangurinn með því var ekki að afla nýrra upplýsinga heldur að sýna fram á að Íslendingasögurnar væru sannar og að þær væru góð heimild um sögu Íslands. Áberandi maður í fornleifafræði Íslands við lok 19. aldar var textafræðingurinn Kristian Kálund. Hann ferðaðist um Ísland á árunum 1872-1874 og aflaði sér upplýsinga í bók sína *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island 1-2*. Kálund virðist ekki hafa verið mjög hrifinn af íslensku fornleifunum sem hann sá og í bók sinni segir hann:⁹

*Island, de ved sin ældre litteratur har så stor betydning for studiet af Nordens oldtid, yder med hensyn til oldsager og andre fortidslævninger langt fra noget tilsvarende; og i henseende til fundenes mængde og de bevarede gøstandes andtal vil dette land vel altid stå betydelig tilbage for de fleste andre egne af Norden.*¹⁰

Viðhorfið til þáttar efnislegrar menningar sem birtist í bók Kálund átti eftir að verða lífseigt innan fornleifafræði hér á landi og hafði jafnvel hamlandi áhrif á þróun fræðigreinarinnar. Róttin að þeirri tortryggni sem kom fram er í raun tvöföld. Í fyrsta lagi er hún vegna tengsla efnismenningarinnar við arfleidd sögunnar og hins vegar er hún vegna tilhneigingarinnar til að bera íslensku heimildirnar saman við hinar norrænu þjóðirnar, án þess að hafa í huga heiðarleika slíks samanburðar.¹¹ Haakon Shetelig norskur fornleifafræðingur setti fram svipaða skoðun í grein sem hann skrifaði eftir að hafa heimsótt Ísland árið 1936 til að skoða víkingagripina í Þjóðminjasafni Íslands. Honum fundust íslensku grafirnar vera fátæklegar og útlit þeirra lítt áhugavert.¹² Þessi fátækleiki grafanna sem bæði Kálund og Shetelig lýsa hefur síðan haft áhrif á flesta af þeim fræðimönnum sem hafa fjallað um íslenska grafarsíði frá því fyrir kristni.¹³ Viðhorfið hefur nú vonandi breyst með nýrri og betri vitneskju á íslenskum gröfum og grafarsíðum. Það er þó afar mikilvægt að bera Ísland

⁸ Adolf Friðriksson 2004a:57

⁹ Þóra Pétursdóttir 2009:31

¹⁰ Kristian Kálund 1882:57

¹¹ Þóra Pétursdóttir 2009:31

¹² Haakon Shetelig 1939:10

¹³ Þóra Pétursdóttir 2009:23

ekki alltaf saman við hin Norðurlöndin. Taka verður mið af því hversu seint landið byggðist og af einangrun þess. Þóra Pétursdóttir skrifaði grein sem heitir „Icelandic viking age graves: lack in material – lack of inter-pretation”. Þar fjallar hún um að það sem ber fyrir augu í opinni gróf er samsafn af líkamsleifum og hlutum dreift á óskipulagðan og illskiljanlegan hátt fyrir skoðarann. Þetta þýðir ekki endilega að leifarnar geti ekki haft einhverja táknræna merkingu, en frekar að gæði hlutanna og staðsetning þeirra með tilliti til hins grafna skipti ekki síður miklu máli.¹⁴

Í sömu grein telur Þóra að þessi meinti fátækleiki íslensku víkingagrafanna stafi frekar af því hvernig menn hafa skynjað eða upplifað þær en vegna þess hvernig þær eru í raun og veru. Það séu ekki einhverjir ákveðnir hlutir eða líkams- og dýraleifar einar sér sem gera grafirnar merkilegar heldur samspil allra þessara þátta. Grafirnar voru ekki gerðar til þess að geyma einhvern ákveðinn liðinn tíma heldur urðu þær til vegna alls kyns flókinna helgisiða sem fólust í samspili hluta og manna, þess lifandi og hins dauða.¹⁵

2.3. RANNSÓKNAR AÐFERÐIR Á ÍSLANDI

Af þeim um 160 kumlum sem fundist hafa á landinu hafa sérfræðingar aðeins rannsakað innan við helming þeirra og sjaldnast hefur farið fram fullnaðar rannsókn. Það má því ætla að á sumum stöðunum reynist fleiri kuml þar sem aðeins hefur áður fundist stakt kuml.¹⁶ Engin kerfisbundin rannsókn hafði verið framkvæmd á staðfræði/gerðarfræði kumla fyrr en Adolf Friðriksson byrjaði rannsókn sína árið 1997. Sú rannsókn fjallar um greftrunarsíði á Íslandi í heiðnum síð á 9. og 10. öld. Í byrjun rannsóknarinnar var farið gaumgæfilega yfir allar þær rannsóknir sem fram höfðu farið áður og einnig var reynt að túlka þær rannsóknir út frá tiltækum gögnum. Jafnframt var reynt að finna út hvort það væri eitthvað munstur á því hvar kumlin eru staðsett, og ef svo er, hvort hægt væri að ráða í tilganginn með munstrinu. Þó að engar sérstakar rannsóknir hafi verið gerðar á kumlum fyrir þennan tíma hafa kuml alltaf skipað stóran hlut í rannsóknnum í fornleifafræði sem tengist seinni hluta járnaldar. Frá því á 19. öld hafa rannsóknir á kumlum verið stærsti sérstaki þátturinn í slíkum rannsóknnum.¹⁷ Megin tilgangur rannsókna Adolfs Friðrikssonar var að staðsetja og skrá staðsetningu allra kumla sem vitað er um. Þetta reyndist ekki vera auðvelt verk

¹⁴ Þóra Pétursdóttir 2009:38

¹⁵ Þóra Pétursdóttir 2009:23

¹⁶ Adolf Friðriksson 2009:9

¹⁷ Adolf Friðriksson 2004b:15

þar sem rannsóknargögn fyrri rannsókna voru oft týnd, óljós eða ekki traust. Megin niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að staðsetningu kumla mætti skipta niður í tvo hópa. Sá fyrri er staðsettur nálægt bóndabæjum og stutt frá garðhleðslunum í kringum ræktaða land bæjarins. Hinn hópurinn af kumlunum er staðsettur langt frá bæjum en oft á eða nálægt landamærum bæja. Áhugavert er að kumlin sem eru langt frá bæjum eru fleiri en kumlin sem eru nálægt bæjum. Ekki er trúlegt að hér sé um tilviljun að ræða og það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir mismunandi dreifingu kumlanna, sem hugsanlega má rekja til breytinga innan samfélagsins.¹⁸

Í nútíma íslenskri fornleifafræði hefur verið sterk tilhneiging til að nota ekki ritaðar heimildir, þjóðsögur og munnmæli, sem heimildir. Það er vissulega rétt að vera gagnrýnn en það er þó nauðsynlegt að halda áfram að gera tilraunir með allar þær tiltækar heimildir sem geta hjálpað okkur til að varpa nýju ljósi á fortíðina. Í kringum óvenjulega staði verða oft til sagnir og sem dæmi má nefna einn safnaflokkinn sem snýst um meinta greftrunarstaði úr heiðni. Þannig eru til dæmi um mörg örnefni sem tengjast meintum greftrunarstöðum. Þar má nefna Haugavað, Dys, Smaladys, Fornmannahóll og svo framvegis.

2.4. HAUGFÉ

Það sem venjulega greinir heiðna gröf frá kristinni gröf er ekki einungis notkunin á haugfé, heldur frekar hvernig haugfénu er raðað í kringum þann látna. Í kristinni (lúterskri) jarðarför sjáum við hinn látna vanalega ekki og í raun sjáum við ekki neitt sem minnir á hinn látna.¹⁹ Haugfé er þó talið eitt af helstu einkennunum á heiðnum gröfum. Þeir hlutir sem finnast í gröfum með mannabeinum eru bein hesta og hunda, skartgripir, vopn, búsaðhöld og fleira. Þetta er nefnt haugfé. Ef eitthvað haugfé finnst í gröfum er gröfin hiklaust kölluð kuml, nýjar rannsóknir benda þó til að haugfé geti líka fundist í kristnum gröfum. Kirkjan hafði aftur á móti mikið á móti því að settir væru fjármunir í grafirnar. Það hefur þó komið í ljós að fyrstu kynslóðir kristinna manna höfnuðu haugfé ekki strax og því er ekki hægt að útiloka að grafir með haugfé geti verið kristnar grafir. Íslenskt haugfé er oft með 10. aldar stíl sem bendir til að þar sé um að ræða heiðnar grafir. Litlir hnífar, sem ekki hafa nein sérkenni en finnast í gröfum, gefa ekki endilega til kynna að þar sé á ferðinni heiðin gröf heldur getur gröfin verið frá fyrri hluta 11. aldar þegar ekki var komin á föst regla á kirkjum og

¹⁸ Adolf Friðriksson 2004b:16

¹⁹ Þóra Pétursdóttir 2009:25

kirkjugörðum. Þessar grafir munu þó oftast vera frá 10. öld enda er haugfé það sem greinir best á milli kumls heiðins manns og grafar kristins manns. Ef hrossabein finnast með mannabeinum er það aftur á móti talið skýrt dæmi um heiðna gröf.²⁰

Það sem venjulega greinir heiðna gröf frá kristinni gröf er ekki einungis notkunin á haugfé, heldur frekar hvernig haugfénu er raðað í kringum þann látna. Í kristinni (lúterskri) jarðarför er hinn látni ekki sýnilegur og ekkert sem minnir á hann. Talið er að svo hafi ekki verið í heiðnum grafsiðum heldur hafi hinn látni verið sýnilegur og því hefur upplifunin á athöfnunum verið mjög mismunandi og heiðnir menn hafa því ef til vill myndað sterkari tengsl við hinn látna.²¹

Annað sem vert er að hafa í huga er það að maður getur aldrei verið viss um að það sem finnst í gröfunum hafi tilheyrt manneskjunni sem liggur í gröfinni. Hlutirnir gætu allt eins verið tengdir manneskjunum sem gerðu gröfina eða einhverjum öðrum. Ef til vill notaði sá látni haugféð í sínu daglega lífi eða hann fékk það gefins við greftrunina. Þá má hugsa sér að hlutirnir hafi verið ætlaðir til að nota í lífinu sem tæki við en það var almenn trú meðal víkinga að annað líf tæki við eftir dauðann. Ef til vill voru þessir hlutir og þau dýr sem finnast í gröfunum settir þar til að minnast hinna dáu eða til að gleðja þá og þar með að gæta þess að þeir gengu ekki aftur og ásæktu hina lifandi.²²

Í nokkrum íslenskum kumlum eru aðeins einn hlutur, og þá annaðhvort hnífur eða spjót. Það er þó ekki algengt að kuml séu svo fátækleg og algengara er að meira en einn hlutur finnist í kumlunum ef þau eru á annað borð ekki haugfjárlaus. Haugféð er þó yfirleitt fábreytilegt og fáir hlutir eru í hverju kumli. Þar má helst nefna spjót eða öxi, eina eða tvær skrautnælur eða sörvistökur, brýni og hníf, nokkur met, eldfæri, kamba eða einhverja aðrir smáhluti sem þó eru ekki margir. Af þeim 37 kumlum sem varðveist hafa algjörlega er haugféð allt frekar fábreytt.²³

Þó að ekkert haugfé finnist í gröfum er ekki víst að þar sé um kristna gröf að ræða. Það getur bent til þess að fátækur einstaklingur liggi í gröfinni. Það er nokkuð augljóst að fátækt fólk hefur verið grafið allslaust jafnvel þó að það hafi viðgengist að láta gripi í grafir dauðra manna. Tómar grafir frá heiðni þekkjast einnig á hinum

²⁰ Kristján Eldjárn 2000:41

²¹ Þóra Pétursdóttir 2009:33-34

²² Þóra Pétursdóttir 2009:33

²³ Kristján Eldjárn 2004:303

Norðurlöndunum eins og hér. Það er því hægt að segja að sá sem ekkert átti hefur farið tómhentur í hauginn þótt venjan væri öðruvísi.²⁴

Staðsetningu haugfjárins hefur oft verið breytt þegar fornleifafræðingar koma á staðinn þar sem rótað hefur verið í gröfunum. Það er þó hægt að segja að staðsetning þess og fyrirkomulag hafi að jafnaði fylgt ákveðnum reglum. Vopn, sverð, spjót og axir liggja vanalega niður með hinum dauða og oddur miðar niður að fótum hins dauða. Skildir voru yfirleitt lagðir ofan á höfuð hins látna. Hnífar finnast oft við beltisstað hins látna og á sama stað finnast brýni, eldfæri, met og annað smádót sem stundum virðist hafa verið haft saman í litlum leður- eða tauskjóðum. Þegar ekkert hefur verið átt við kumlin sést að skartgripir og föt eins og pinnar benda til að líkin hafi verið fullklædd. Nælur eru vanalega á brjóstinu og perlur eru hafðar um hálsinn og efri hluta bringunnar. Þetta bendir allt saman til þess að hinn látni hafi verið búinn hversdagsgripunum sínum, sem notaðir voru þó aðallega til hátíðarbrigða, og klæðum á eðlilegan hátt. Ekki hafa verið greindir aðrir útfararsíðir og helgisiðir í íslenskum kumlum, þó hafa fundist nokkur kuml þar sem viðarkolum hefur verið stráð yfir hinn látna.²⁵

Þegar reynt er að draga upp einhverja heildarmynd af greftrunaraðferðum að fornu er nauðsynlegt að taka inn í myndina þær tilviljanir sem leitt hafa til þess að kuml hafa fundist, upplýsingar um kumlafundina varðveitist og að fundirnir úr kumlinu varðveitist svo hægt sé að rannsaka þá. Elstu fundarlýsingarnar á kumlafundum eru frá miðri 18. öld en flestar eru þær frá miðri 19. öld og yngri. Skipulögð söfnun og varðveisla hófst ekki fyrr en á seinni hluta 19. aldar og því er ekki skrítið að lítið sé til af eldri fundarlýsingum. Upplýsingar vantar því um allan þann fjölda af kumlum sem fundist hafa fyrir miðja 18. öldina.²⁶

Þegar lítið er á dreifingu kumla á landinu virðist vera að hún fylgi ekki munstri landnámsins. Það eru klasar af kumlum á Suður-, Austur- og Norðurlandi en fá á Vesturlandi. Það gæti verið að þessi ójafna skipting bendi til einhverra mismunandi greftrunarsíða, eða þróunar fyrsta landnámsins. Þetta getur einnig endurspeglað það hvernig kristni breiddist út á Íslandi. Kristján Eldjárn varaði við því að þessar upplýsingar gætu sýnt ranga mynd vegna utanaðkomandi áhrifa svo sem vegna mismunandi jarðvegsþykktar. Nefna má að meiri hluti þeirra kumla sem fundist hafa á

²⁴ Kristján Eldjárn 2004:301

²⁵ Kristján Eldjárn 2004:306

²⁶ Adolf Friðriksson 2004a:57

Suðurlandi voru undir þykku lagi af gjóskujarðvegi, sem er áberandi fyrir þann landshluta.²⁷ Aftur á móti er jarðvegslagið mjög þunnt á Vestfjörðum og þar hafa fundist fá kuml í gegn um tíðina.

Sú óvissa sem ríkir um fjölda grafa í hverjum grafreit er eitt dæmi um það hvernig misjöfn varðveisla minja getur haft áhrif á þá mynd sem reynt er að draga upp til að lýsa lífsháttum liðinna kynslóða. Þrátt fyrir að flest kuml hér á landi hafi skert heimildagildi birta þau heillegustu þó nokkuð skýra og góða mynd af því hvernig heildarsvipur íslenskra grafsiða var í heiðni.²⁸ Að auki verður að taka mið af því að ef mannabein finnast á víðavangi þarf það ekki endilega að vera að þar sé um kuml að ræða. Þar geta verið bein úr gömlum kirkjugörðum sem ef til vill eru aflagðir og enginn veit um, bein manna sem teknir hafa verð af lífi, bein manna sem orðið hafa úti, bein sjómanna sem druknað hafa en ekki hafa verið flutt í kirkjugarð vegna óvissu um trú þeirra og hvernar þjóðar þeir voru.²⁹

²⁷ Adolf Friðriksson 2004b:15

²⁸ Adolf Friðriksson. 2004a:58

²⁹ Kristján Eldjárn 2000:41

3. SKOÐANIR FRÆÐIMANNA

Hér mun ég fjalla um það hvað aðrir fræðimenn hafa sagt um kumlarán og hvaða ástæður þeir telji að liggi að baki.

3.1. A. W. BRØGGER

A. W. Brøgger skrifaði mjög merkilega grein um grafarrán árið 1945 sem nefnist „Oseberggraven-haugbrottet“. Þar kemur hann fram með nýjar hugmyndir um það út af hverju grafir voru rændar en hann telur að ránin hafi ekki verið framin í skjóli nætur. Þetta voru umfangsmikil verk og grafarrán eins og í Ásubergsskipinu tók að minnsta kosti eina viku eða tvær og því er augljóst að fólkíð í kring hefur vitað hvað var verið að gera. Brøgger telur að menn hafi alveg vitað hvað þeir voru að gera þegar Ásubergsskipið og Gaukstaðaskipið voru rænd. Að hans mati vissu þeir hvað var í haugnum, að hverju þeir voru að leita og hvar hinn látni var grafinn. Hann kemst því að þeirri niðurstöðu að ránin hafi verið framin stuttu eftir að haugarnir voru gerðir og að minnsta kosti fyrir 12. eða 13. öld. Hann byggir niðurstöðu sína á því að fólk hafi enn vitað hvað var í haugunum og að haugarnir hafi ekki verið farnir að hreyfast til út af náttúrulegum ástæðum.³⁰ Brøgger telur út frá þessu að skipta megi grafarránunum niður í tvö megin flokka.

Fyrri ástæðuna kallar hann reimleikaástæðuna en þar telur hann að grafið hafi verið í haugana þar sem afturgöngur úr gröfunum hafi gert líf fólks í nágrenninu óbærilegt og verið hálfgerður ógnvaldur þó að í upphafi hafi haugbúinn verið til góðs. Gröfin var í raun eyðilögð, rúmin voru höggin í sundur og fleira í þeim dúr. Eyðileggingin var einungis til að gera gröfina óbyggilega fyrir kumlbúann. Haugurinn var ekki lok lífsins fyrir haugbúann heldur hélt lífið áfram þar og þeir sem eftir lifðu höfðu skyldur við að halda gröfunum sem öruggum bústöðum fyrir hina látnu. Sá sem bjó í haugnum var lifandi í augum manna og bauð fólk í veislur og annað slíkt. En aftur á móti höfðu hinir dánu skyldur til að veita hinum lifandi hamingju og gott líf. Vald haugbúanna var mikið og hinir lifandi stóðu eftir óöruggir og hjálparlausir og gátu ekkert ráðið við haugbúann. Það voru einungis fáir útvaldir sem gátu farið gegn hinum dánu ef það var nauðsynlegt. Þá er átt við einhverja afburðamenn, eins og Gretti sterka, sem bjuggu yfir heiðnum kröftum og gátu ráðið niðurlögum haugbúans.

³⁰ Brøgger, A. W. 1945:6-17

Þetta er sem sagt fyrri ástæðan en núna verður aðeins sagt frá síðari ástæðunni. Seinni ástæðuna kallar hann dýrgripaástæðuna en fjallar ekki ýtarlega um hana. Tilgangurinn var aftur á móti sá að ræna dýrgripum ættarinnar úr haugnum til þess að hægt væri að nota þá aftur á mikilvægum augnablikum í lífi ættarinnar. Brögger fjallar ekki meira um dýrgripaástæðuna en telur að Gaukstaðaskipið hafi verið rænt út af því.³¹

Brögger telur að það hafi ekki verið neinn munur á grafarránum fyrir og eftir kristni. Haugbúarnir voru hluti af ættinni og það var vitað hverjir þeir voru og það breyttist ekki þótt kristni væri tekin upp. Í lagasetningu Hákons V sem tengdist óðöllum segir að þú eigir að geta sýnt fram á ættartal til haugs og heiðni. Magnús lagabætur setur einnig lög um þetta árið 1260 í Noregi þar sem fram kemur að þeir sem eru komnir í beinan karlegg af haugbúanum eigi rétt á að sitja óðalið. En Magnúsar lagabætur setur einnig lög sem banna það að reynt sé að vekja draug eða haugbúa og ströng viðurlög eru sett gegn því. Listi sem varðveist hefur frá 14. öld frá Sunnmøre (Mæri) í Noregi sýnir að íbúarnir vissu nákvæmlega hverjir voru grafnir í haugunum.³²

Það voru því hvorki fjársjóðir né vopnalagerar sem fólk var að sækjast eftir. Það var svo fyrst þegar kristni var tekin upp að reynt var að koma fram með nýjar hugsanir í kringum dauðann og lífið. Þá færast hinir dánunum yfir í þjóðtrúna, þjóðsögur og enda þar í huldufólki, tröllum og fleiru.³³

Það er því hinn dauði og bústaður hins dána, gröfin, en ekki gullið, silfrið eða annað sem í gröfinni var, sem var mikilvægt. Þetta er eitthvað sem vert er að rannsaka betur. Það að ræna haug var talið hættulegt og eftir því sem haugurinn var stærri og haugbúinn merkilegri því hættulegra varð það. Þar með er hægt að álíta að þetta hafi ekki verið neinir venjulegir þjófar og misindismenn sem grófu í haugana, hvorki í heiðni né kristni. Út frá ástæðunum tveimur telur hann ekki vera hægt að segja að fjársjóðsgröftur hafi verið ástæðan fyrir grafarránum. Einnig telur hann að mikilvægustu grafarránin hafi verið gerð á tímabilinu á milli Noregskonunganna Hákons góða (920-959) og Magnúsar góða (1024-1047).³⁴

3.2. KRISTJÁN ELDJÁRN

Kristján Eldjárn fjallar mjög lítið um grafarrán í bók sinni *Kuml og haugfé* eins og komið hefur fram. Í bókinni segir hann að kuml sem hafi fundist fyrr á öldum hafi

³¹ Brögger, A. W. 1945:9-43

³² Brögger, A. W. 1945:27

³³ Brögger, A. W. 1945:16-21

³⁴ Brögger, A. W. 1945:41-42

verið eyðilögð nánast öll af ásettu ráði og aðeins leifar af þeim verið skildar eftir sem stundum finnast aftur í seinni tíð. Hann nefnir að 30 kuml í kumlaskránni hafi verið eyðilögð og að einhvern tíman fyrr á öldum hafi verið grafið í þau. Á flest öllum stöðunum eru kumlin mjög illa leikin, haugféð er brotið og líklega oftast numið á brott og legstaðurinn allur úr skorðum færður. Hann telur því að enga heildarmynd sé hægt að fá af slíkum stöðum þó einstök atriði hafi ekki glatast. Kristján telur að þau kuml sem hafi verið leikin svo illa hafi ekki öll fundist fyrir tilviljun eða vegna jarðvegsvinnu. Eflaust hafa alla tíð verið til menn sem hafi freistast til þess að gerast kumlabrjótar. Þeir leituðu í haugum og grófu í þá, ef til vill út af forvitni en þó líklegast langoftast í von um einhvern hagnað og í þeirri von að þeir myndu finna vopn eða peninga. Stuttu eftir kristni hefur verið auðveldara að finna kumlin og til er mikið af sögnum bæði gömlum og nýjum, sem sýna að löngunin hefur verið mikil til að rjúfa kumlin og að það hafi verið gert. Kristján telur að menn hafi rofið flest öll kuml sem þeir komust í fyrr á öldum og líklega eru það verksummerki þeirra skemmdarverka sem við erum að finna í dag. Ekki telur hann ástæðu til að ræða meira um haugrof en segir að það væri áhugavert rannsóknarefni.³⁵ Hann telur haugrof ekki koma rannsóknum á heiðnum grafsiðum við. Ef til vill er það ein af ástæðunum fyrir því að svo lítið hefur verið fjallað um kumlarán á Íslandi. Kristján var jú leiðandi í rannsóknum á kumlum á fyrri hluta síðust aldar.

3.3. MARTIN CARVER

Eins og fram hefur komið hefur fornleifafraeðingum ekki alltaf þótt grafarán merkileg og oft hefur þeim þótt nóg að segja að gröfin hafi verið rænd áður fyrr. Martin Carver er einn af þeim sem hefur sýnt grafarránum áhuga. Í fornleifarannsókn sem hann stjórnaði í Sutton Hoo tókst gröfurunum að setja saman nákvæma mynd af framferði ræningjanna, m.a. af stígum sem þeir tróðu þegar þeir fjarlægðu ránsfeng sinn og einnig tókst þeim að greina hve lengi ræningjagrafirnar voru lengi opnar fyrir veðri og vindum.³⁶ Þessi rannsókn gefur okkur innsýni inn í ýmiss hliðaráhrif sem ná má fram við uppgraftrarrannsóknir.

³⁵ Kristján Eldjárn 2000:263

³⁶ Carver, Martin, 1992:351-352

3.4. FEDIR ANDROSHCHUK

Í grein sem Fedir Androshchuk skrifaði „En man i Osebergsgraven?” og fjallar um Ásbergsskipið telur hann að ef til vill hafi verið grafinn maður í því sem síðan hafi verið fjarlægður. Hann segir að ástæðan fyrir grafarráninu hafi líklega verið sú að í heiðni hafi bein manna þótt hafa lækningarmátt og kraft. Verndargripir voru búnir til úr mannabeinum og það voru til reglur um það hvernig átti að fá lánuð bein úr mönnum. Hann telur að þetta geti útskýrt að það vantar mikið af beinum úr annarri manneskjuni sem lá í skipinu, og ef til vill bein úr heilli manneskju til viðbótar.³⁷

3.5. HOWARD WILLIAMS

Í bókinni *Death and memory in early medieval Britain*, eftir Howard Williams, segir höfundurinn frá því að gagnlegt sé að líta svo á að það að grafa í grafir geti verið e.k. helgiathöfn, sem framkvæmd er í aðdraganda trúarathafnar og sé jafnvel nauðsynlegur hluti hennar. Hugsanlegt er að gröfturinn hafa verið framkvæmdur af helgisiðameisturum sem e.k. skuldbinding við hinn látna, eða af einhverjum úr fjölskylduhópnum. Það að grafa í grafir gerðist ítrekað og verður til þess að viðhalda og minna á þekkingu á fyrri greftrunum sem geta í eðli sínu verið athöfn með þátttöku nýrra leikara og siða. Það er því nauðsynlegt að hafa í huga þegar fjallað er um grafir frá miðöldum að þær gætu verið staðir sem miðla upplýsingum um minni og helgisiði, en ekki eingöngu staðir til að grafa hina dauðu.³⁸

3.6. AÐRIR FRÆÐIMENN

Ali Klevnäs nokkur skrifaði fyrsta árs ritgerð sem ber nafnið „Grave-robbing in early northern Europe” sem er hluti af Masters námi hans við Cambridge háskólann í Englandi. Þar fjallar hann um grafarrán og ástæður þeirra. Hann fjallar til dæmis um grafarrán í Gamla Uppsala í Svíþjóð en þar hafði gröf verið opnuð aftur aðeins nokkrum dögum eða vikum eftir að hún var gerð og ákveðið haugfé fjarlægt. Þar sem stórir steinar, sem lágu ofan á gröfinni, höfðu verið hreyfðir benti það til þess að grafarránið hefði tekið margar klukkustundir. Klevnäs telur því að orðið grafarrán innifeli í raun alls kyns siði sem voru við líði meðal þeirra sem upplifðu greftrunina. Einnig telur hann að grafarránin geti verið gerð með samþykki samfélagsins þar sem á sumum stöðum voru það líkamsleifarnar sem voru eftirsóttarverðar og haugféð var

³⁷ Androshchuk, F. 2005:128

³⁸ Williams, Howard 2006:118

skilið eftir. Ef grafir voru rændar stuttu eftir að þær voru gerðar hafa þjófarnir ef til vill reynt að koma haugfénu í verð og það hefur ekki verið auðvelt ef grafarránin hafa verið gerð í laumi. Fólk hefur þekkt haugféð og ef ránin voru gerð í óþökk manna hefur verið erfitt að selja það í eins litlum samfélögum og voru þá. Það er því ólíklegt að grafarránin hafi ekki verið gerð með vilja allra.³⁹

Björn Myhre hefur sett fram annars konar útskýringu á norskum grafarránum en hann lítur svo á að um sé að ræða árásir og eyðileggingu á valdatáknum deilandi ætta. Þó líta verði á ættarstríð eins og þeim er líst í bókmenntum með varúð þá fellur hugmynd um eyðingu valdatákna vel að niðurstöðum fornleifafræðinnar. Þegar Ásubergsskipið var rænt þá hlýtur það að hafa verið opinber athöfn og meðferð á líkómum og grafargóssi bendir til þess að þeim hafi vísvitandi verið spillt og sýnt virðingarleysi. Einnig eru merki um ýmiss konar ofbeldisverk t.d. í Ásubergsskipinu þar sem rúm voru brotin með öxum. Í Gaukstaðaskipinu var skipið brotið og einnig tréhúsgögn.⁴⁰

3.7. KAFLANÍÐURSTÖÐUR

Í kaflanum er greint frá því að fram hafa komið nokkrar skýringar á því af hverju grafirnar voru rofnar. Kristján Eldjárn taldi ekki nauðsynlegt að fjalla um grafarrán, Brögger fjallaði um tvær skýringar og taldi ránin ekki hafa verið fjársjóðsgröft og Androschuk taldi að fornmenn hefðu haldið að beinin gætu hafa haft einhvern lækningarmátt svipað og bein heilagra kristinna manna á miðöldum og væri forvitnilegt að skoða það frekar. En þetta hefur einmitt verið notað til að skýra raskanir á forsögulegum gröfum í Evrópu.

Það má í raun skipta kenningum fræðimannanna í fjóra flokka og þeir eru:

- a. Að grafarrán hafi verið gerð til að þagga niður í þeim dauðu, friða drauga eða í hinum slæma tilgangi að vekja upp hina dauðu. Þetta á til dæmis við um kenningar Brögger. Fornleifafræðilegu vísbendingarnar gætu verið grafir þar sem raskað hefur verið við beinunum og þau ef til vill fjarlægð en ekki hreyft við haugfénu.
- b. Að raskað hafi verið við gröfunum með því að ráðast á þær. Það var tákni um völd eins og kemur fram hjá Myhre. Fornleifafræðilegu vísbendingarnar gætu því verið eyðileggingar á gröfum og haugfé. Þessi skýring á aðeins við um

³⁹ Klevnäs, Ali. ? :1-7

⁴⁰ Klevnäs, Ali. ? :1-7

ríkulega búnað grafir.

- c. Þriðja kenningin er sú að kumlin hafi verið opnuð til að færa beinin í kristna grafreiti. Fornleifafræðilegar vísbendingar eru því mögulega að það vanti öll bein í gröfina. Þetta á einungis við um grafir sem raskað hefur verið eftir árið 1000 eftir Krist eða þar um bil.
- d. Fjórða kenningin er að grafirnar hafi verið opnaðar til að endurheimta verðmæta hluti. Annað hvort vegna verðleika þeirra eða vegna galdramáttar þeirra eins og William heldur fram. Fornleifafræðilegar heimildir eru þær að búið er að fjarlægja verðmæta haugféð en lítið hafi verið hreyft við öðru haugfé. Ekki var hreyft við beinunum að óþörfu og þau skilin eftir.

Skýringarnar eru því nokkuð mismunandi og tilfinnanleg vöntun er á frekari rannsóknnum á efninu. Grafaropnanir tíðkuðust víða í fornöld og fóru fram á mismunandi hátt og mikið hefur verið deilt um hvernig ber að túlka þær. Deilur um gildi og mikilvægi grafarfengs eru þrálátar og verða þær sérstaklega áberandi þegar reynt er að útskýra brotthvarf ákveðinna hluta úr rændu gröfunum. Átrúnaður á haugfé hlýtur því að skipta miklu máli varðandi skilning á því hvers vegna hlutir voru fjarlægðir og hvað það táknar.

4. SÖGULEGAR HEIMILDIR

Eitthvað er til af upplýsingum um kumlarán í sögulegum heimildum og heimildum frá 19. öldinni og hér verður fjallað um nokkrar af þeim. Þetta eru ekki traustar heimildir en þó er vert að skoða þær og meta. Fyrst að fjallað er um kumlarán, til dæmis í Grettis sögu, hljóta menn að hafa vitað til þess að þau hafi verið stunduð.

4.1. ÍSLENDINGASÖGURNAR

Í Íslandingasögnum eru nokkrar sögur sem segja frá því þegar kuml eru opnuð. Í Grettis sögu Ásmundarsonar kemur til dæmis fram að Grettir hafi grafið í haug Kára nokkurs. Hann rauf hauginn og er hann var búinn að rífa upp viðuna fann hann mikið af gulli og silfri. Við þetta á kumlbúinn að hafa vaknað og tókust þeir Grettir á þó nokkra stund þar til Grettir yfirbugaði hann.⁴¹ Þetta kemur heim og saman við það sem Brögger fjallar um og lýst er hér að ofan og því má e.t.v. draga þá ályktun að Brögger noti þessa vísun í Grettis sögu til að styðja við tilgátu sína. Það er því hægt að segja að á þeim tíma sem Grettis saga er skrifuð hafi menn vitað um hauga og til hafi verið sögur um menn sem grófu í haugana. Fleiri sögur eru til um þetta og í sögunni um Hrómund Grípison úr Fornaldarsögum Norðurlanda kemur fram svipuð lýsing. Hrómundur tekst á við Þráinn, sem er kumlbúi, og vinnur hann með sverði Þráins sem nefnist Mistilteinn.

4.2. ÞJÓÐSÖGUR

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar eru nokkrar sögur um haugbrot. Þar má nefna söguna um Koluhól. Í þann hól á tröllskessan Kola að hafa verið heygð og sagan segir að oft hafi verið reynt að grafa í hólinn og að þar sjáist skál ofan í hólinn, um tvær til þrjár álnir í þvermál.⁴² Jón Árnason fjallar einnig um gröf sem grafið á að hafa verið í á hans dögum. Það er gröf sem staðsett er við stuðlabergsklett við bæinn Kóreksstaði og kölluð er Kóreksstaðavígi. Þar á Kórekur að hafa varist óvinum sínum, fallið í bardaga og að lokum verið heygður þar. Eins og sagði segir Jón Árnason að grafið hafi verið í hauginn í hans minni og að þar hafi fundist ryðfrakki af vopni en það var svo ryðgað að ekki var hægt að greina hvernig það hafði verið í laginu.⁴³

⁴¹ Grettis saga Ásmundarsonar 1970:41-42

⁴² Jón Árnason III 1955:220

⁴³ Jón Árnason IV 1951:111

Í Flókadal í Fljótum á kona að nafni Blákápa að hafa búið. Hún lét hlaða garð mikinn þvert yfir dalinn og síðan lét hún heygja sig og alla dýrgripi sína í stórum hól við annan endann á garðinum. Hún mælti svo fyrir að enginn skyldi komast í hólinn nema ef hann gæti gengið aftur á bak eftir garðinum endilöngum án þess að stansa eða líta við. Eitt sinn reyndu menn að grafa í hólinn en þá sýndist þeim dalurinn standa í björtu báli og hættu menn þá strax að grafa. Jón Árnason segir að enn þann dag í dag sjáist móta fyrir hólnum og garðinum.⁴⁴ Margar fleiri þjóðsögur eru til sem fjalla um hauggröft og afleiðingar þess svo sem að kirkjur eða bæir brynnu þegar grafið var í haugana. Ef til vill hafa sögurnar átt að verja haugana og vernda þá frá kumlbrjótum.

4.3. SNÆBJÖRN KRISTJÁNSSON

Snæbjörn Kristjánsson segir í bók sinni *Saga Snæbjarnar í Hergilsey* frá því þegar hann grefur upp nokkra hauga sér til skemmtunar og fróðleiks. Hann skrifaði ekki nákvæmar skýrslur en segir þó nokkuð nákvæmlega í bók sinni frá dysjunum sem hann gróf í. Snæbjörn grefur í fyrstu dysina um 1885-87, hann segir ekki nákvæmlega til um ártalið, en hann hættir að grafa þegar lög um fornmenjar gengu í gildi 1907. Hann nefnir að sumar dysjarnar hafi verið uppgrafnar fyrir löngu síðan og grefur ekki aftur í þær.⁴⁵ Það er því óhætt að segja að haugar hafi oft verið rofnir í leit að gripum hér áður fyrr og það langt fram á okkar tíma og víst er að ekki eru til heimildir um allan þann uppgröft sem fram hefur farið.

4.4. KAFLANÞURSTÖÐUR

Á þeim tíma sem Grettis saga var skrifuð vissu menn til þess að haugar hefðu verið rofnir og þjóðsögur Jóns Árnasonar staðfesta það að sumu leyti þótt taka verði heimildunum með fyrirvara. Frásögn Snæbjörns bendir þó til þess að menn hafi grafið í hauga og ekki farið leynt með það. Þetta bendir til þess að grafir hafi verið rændar í gegn um tíðina af mismunandi ástæðum á mismunandi tímum. Það má því segja að fornleifafræði sé nútíma gerð af grafarráni, en unnin á sinn hátt og á eigin forsendum.

⁴⁴ Jón Árnason IV 1951:117-118

⁴⁵ Snæbjörn Kristjánsson 1958:144-153

5. KUML OG HAUGFÉ

Fimmti kafli þessarar ritgerðar byggist á bók Kristjáns Eldjárns, *Kuml og haugfé*, og kumlanúmerin sem ég vísa til eru úr þeirri bók. Í viðauka er fylgiskjal sem ég bjó til og notaði til að reyna að greina einhverja sameiginlega þætti í gröfunum. Það er því einungis fjallað um þau kuml sem grafin hafa verið fyrir 1999 í þessum kafla en í 6. kafla fjalla ég um nokkur kuml sem hafa verið grafin upp eftir það. En eins og fram kom í 1. kafla mun ég skipta umfjöllunarefni mínu niður í þrjá hluta.

5.1. MISMUNANDI GERÐIR RÖSKUNAR

Talsvert erfitt er að greina mismunandi gerðir af röskun í gröfum sem átt hefur verið við. Ég hef þó reynt að greina raskanirnar og hef skipt gröfunum niður í fimm hópa eftir því hvernig röskunin hefur verið og er greint frá þeim í töflu 1.

Tafla 1. MISMUNANDI GERÐIR RÖSKUNAR

Gerð röskunar	Fjöldi kumla
Samtengd bein en sum bein vantar	12
Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljanakenndan hátt	19
Sundurlaus og ótengd bein en endurröðuð	7
Tóm gröf	8
Ekki vitað	9

Eins og sést í töflunni hefur tæplega helmingur grafanna verið skilinn eftir í óreiðu eftir að leitað hefur verið í þeim. Í hópnum *samtengd bein en sum bein vantar* eru 12 kuml og það bendir til þess að ekki hafi verið hróflað við allri gröfinni heldur bara hluta hennar. Ef til vill bendir það til þess að hróflað hafi verið við beinunum áður en allir líkamsvefir hafi verið farnir af þeim. Í þessum flokki eru kumlin í Hringsdal, sem fjallað verður um síðar. Í gröfunum þar sem beinunum hefur verið endurraðað er algengast að þau hafi verið sett í óskipulega hrúgu eins og í Hólaskógi, kuml 34, og í Staðartungu, kuml 96. Undantekning frá þessu er gröfin á Ytra-Garðshorni, kuml númer 87, en þar voru tveir lærleggir lagðir í kross. Það gæti bent til þess að gröfin hafi verið rænd eftir kristnitöku. Þriðja kumlið sem fannst í Brimnesi, kuml 79, er merkilegt að því leyti að það hafði ekki verið rofið en fyrri kumlin tvö höfðu verið rofin.⁴⁶ Af hverju þriðja kumlið var ekki rofið líka er ekki auðvelt að svara en ef til vill hefur kumlbrjótnum fundist hann ekki fá nógu mikið af haugfé út úr fyrri

⁴⁶ Kristján Eldjárn 2000:143

kumlunum, styggð hefur komið að honum og hann flúið, eða þá að hann hefur ekki tekið eftir þriðja kumlinu. Tómar grafir er annað sem ekki er auðvelt að skýra. Til greina kemur að beinin hafi fúnað og sjáist ekki lengur, beinin hafi verið grafin upp þegar ættingjarnir fluttu sig um set, eða að þau hafi verið grafin upp og flutt í kirkjugarð

5.2. MANNABEIN FJARLÆGÐ FYRIR EÐA EFTIR KRISTNI

Erfitt er að segja hvort mannabein hafi verið fjarlægð fyrir eða eftir kristni og kumlin eru fá sem hafa verið aldursgreind, en þau eru þó nokkur. Í Austarihól, kuml 82, í Haganeshreppi fannst kuml árið 1964 og rannsakaði Kristján Eldjárn það. Fyrst fannst aðeins hrosskuml en við frekari rannsókn kom einnig í ljós mannsgröf. Gröfin virtist í fyrstu óhreyfð en við nánari skoðun kom í ljós að öll beinin virðast hafa verið fjarlægð úr henni en eftirfarandi haugfé skilið eftir: Spjót, örvaroddur, skæri, snældusnúður, naglar, steinar, járnstykki, járnplata, járnbrott, brott úr hlut úr beini sem gæti verið úr kambi, ísbroddur og viðarkolamolar.⁴⁷ Þetta gæti bent til þess að gröfin hafi verið opnuð eftir kristnitöku til að flytja beinin í kirkjugarð þar sem ekkert af haugfénu var tekið. Í kristinni trú tíðkast ekki að grafa fólk með haugfé eins og fram hefur komið. Einnig kemur til greina að beinagrindin hafi verið flutt í annað kuml og haugféð skilið eftir af einhverjum ástæðum. Kumlbrjóturinn virðist að minnsta kosti ekki hafa verið að sækjast eftir haugfénu.

Kumlin á Ytra-Garðshorni, kuml 87, eru mjög áhugaverð. Þar var grafinn upp kumlateigur og rótað hafði verið í flestum gröfunum. Kristján Eldjárn rannsakaði staðinn árið 1954. Þegar 9. kumlið á svæðinu var rannsakað kom í ljós að tveir bútar úr lærlegg höfðu verið lagðir í kross og voru þetta einu beinin sem fundust í gröfinni. Svo virtist vera að það hefði verið gert af ásettu ráði. Beinin sem fundust eru úr miðaldra konu og töluvert af haugfé fannst í gröfinni. Þar má nefna: 25 sörvistölur, lítill einfaldur hringur úr bronsi, smátöng, hrúga af glerhöllum og dálítill moli af bývaxi.⁴⁸ Ef til vill er þetta dæmi um að kuml sem var raskað eftir að kristni var tekin upp. Haugfénu virðist ekki hafa verið rænt en þó getur verið að það hafi ekki sést þar sem hlutirnir er allir frekar litlir sem fundust við fornleifarannsóknina. Það að setja beinin viljandi í kross gæti þó bent til kristinna áhrifa. Í kumli númer 6 á saman stað fannst ein tóm gröf. Ekkert fannst í henni af mannabeinum en töluvert af

47 Kristján Eldjárn 2000:147-148

48 Kristján Eldjárn 2000:161

hrossbeinum. Einn niðurmjókkandi járnfleygur fannst í gröfinni og ein venjuleg gjarðahringja.⁴⁹ Ef til vill hafa þau bein einnig verið fjarlægð og sett í kristinn grafreit. Það er þó mjög erfitt að sanna slíkt og því eru þetta einungis getgátur.

Kuml sem fannst á Brú í Jökuldal, kuml 128, í Jökuldalshreppi árið 1988 er þó dæmi um kuml sem raskað var eftir kristni. Guðrún Kristindóttir fornleifafræðingur og Páll Pálsson frá Aðalbóli könnuðu staðinn. Samkvæmt finnandanum virtust beinin hafa verið í hrúgu í tveimur holum. Ekki fannst neitt haugfé nema nokkrir naglar og trjáleifar sem fundust með beinunum. Ljóst var að gröfinni hafði verið raskað áður og miðað við gjóskulög, sem sáust á svæðinu, var hægt að áætla að það hafi verið gert eftir árið 1365 og líklega fyrir árið 1477.⁵⁰ Þetta er mjög nákvæm tímasetning á því hvenær kumlið var rænt og óalgennt er að tímasetningar séu svona nákvæmar. Venjulega er mjög erfitt að segja nokkuð um það hvenær kumlin hafa verið rænd eins og fram hefur komið.

Annað dæmi um kuml sem vitað er að var rænt löngu eftir kristni er kumlið í Staðartungu, kuml 96, í Skriðuhreppi. Vegagerðamenn fundu mannabein í litlum hól, sem kallaður er Mannhóll, vorið 1932. Matthías Þórðarson rannsakaði staðinn en beinin lágu í óskipulagðri hrúgu og voru fremur óheilleg. Sagt var að fyrir um 60 árum hefði maður grafið í hólinn og fundið þar mannabein. Hann hafi síðan grafið þau aftur í hólinn.⁵¹ Þetta eru nokkur dæmi um kuml sem hægt hefur verið að aldursgreina og önnur sem ef til vill hafa verið rofin eftir kristni. Einnig er áhugavert hvar á landinu kumlin eru staðsett.

5.3. STAÐSETNING KUMLA

Áhugavert er að vita hvort þær grafir sem opnaðar hafa verið eru frekar á einu svæði en öðru. Þá á ég við hvort þær séu frekar í einum landshluta en öðrum og einnig hvort þær séu frekar í heimatúni eða utan heimatúns. Það verður þó að taka tillit til þess hversu margar grafir finnast í sumum landshlutum Íslands en fáar í öðrum.

Mjög einkennilegt er hversu fá kuml hafa fundist á Vesturlandi og í öllum Vestfirðingafjórðungnum hinum forna, sem náði frá Botnsá í Hvalfirði að Hrótarfjarðará, eru aðeins þekktir 15 fundarstaðir kumla. Flest þeirra kumla sem fundist hafa þar hafa verið frekar fátækleg af haugfé og því er víst að lítið væri vitað um heiðna grafsiði ef ekki hefðu fundist fleiri kuml í hinum fjórðungunum. Það er

49 Kristján Eldjárn 1966:41

50 Kristján Eldjárn 2000:215

51 Kristján Eldjárn 2000:175

ekki hægt að segja að þessi fjórðungur eða hluti hans að minnsta kosti hafi ekki verið þéttbyggður og því má spyrja sig hvort þetta sé tilviljun eða hvort kumlaleysið sé vísbending um að íburðarminni grafsiðir hafi verið stundaðir þar en í þeim landshlutum sem kumlin eru hvað flest.⁵² Þar sem ónógar rannsóknir hafa farið fram er ekki hægt að fullyrða neitt um þetta og ekki heldur hægt að fullyrða neitt um það hvort grafarsíðir hafi verið veglegri á stöðum þar sem fleiri kuml finnast en í Vestfirðingafjórðungnum.

Svo virðist vera að grafir hafi ef til vill frekar verið rændar ef þær voru á svipuðum stað. Mikið er af gröfum sem hróflað hefur verið við á Tröllaskaganum. Það gæti þó einnig verið vegna þess að þar hafa fundist mörg kuml. Svo virðist vera að kuml sem hróflað hafi verið við séu þó ekki frekar á neinum einum stað en öðrum. Hrófluðu kumlin virðast vera fleiri á þeim stöðum þar sem kumlin eru mörg. Erfitt er að segja til um það hvort einn staður hafi verið vinsælli en annar hjá kumlbrjótum og kumlateigar þar sem margar grafir hafa verið rændar geta raskað hlutföllinu.

5.3.1. HEIMATÚN EÐA EKKI

Samkvæmt því sem ég hef talið saman hafa um 6 grafir verið rændar sem eru í heimatúni, um 47 grafir eru utan heimatúns og ekki er sagt hvar um það bil 7 grafir eru staðsettar. Samkvæmt rannsóknnum Adolf Friðrikssonar um staðfræði kumla hafa fleiri kuml verið staðsett utan heimatúns en innan heimatúns. Það passar því vel að fleiri grafir, sem hafa verið rændar, séu staðsettar utan heimatúns. Það er erfitt að segja til um hvort algengara hafi verið að ræna grafir sem staðsettar hafa verið utan heimatúns. Ef gröfin hefur verið rænd í skjóli nætur og enginn átti að vita af því er ef til vill líklegra að gröfin hafi verið staðsett utan heimatúns. Erfitt hefur verið að grafa í kuml svo enginn vissi af ef kumlið hefur verið staðsett nálægt bæ. Brögger fjallar þó um það í grein sinni að grafarrán hafi ekki verið gerð í skjóli nætur og því ætti það ekki að skipta máli hvort gröfin var í heimatúni eða ekki. Tafla 2 sýnir staðsetning raskaðra kumla.

Tafla 2. STAÐSETNING RASKAÐRA KUMLA

Gerð röskunar	Í heimatúni	Utan heimatúns	Ekki vitað
Samtengd bein en sum bein vantar		11	
Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljanakenndan hátt	2	15	2

52 Kristján Eldjárn 2000:261

Sundurlaus og ótengd bein en endurröðuð	2	5	
Tóm gröf	2	5	1
Ekki vitað		12	3

Í töflu 2 sést að algengast er að kuml sem finnist séu utan heimatúns og að beinin séu sundurlaus og ótengd og dreifð á tilviljanakenndan hátt. Einnig er algengt að beinin séu utan heimatúns en ekki er vitað hvernig beinin hafi legið og hvort eitthvað af þeim hafi vantað. Að auki er nokkuð algengt að beinin liggi utan heimatúns og að beinin séu samtengd en að sum bein vanti.

5.4. HVAÐ ER EFTIR Í GRÖFUNUM

Mismunandi er eftir gröfunum sem hefur verið raskað hversu mikið er eftir í þeim af beinum og haugfé. Í sumum gröfunum er mikið af haugfé en í öðrum ekkert. Það verður þó að taka tillit til þess að grafirnar hafa verið misvel búnar af haugfé áður en raskað var við þeim. Ef til vill skiptir kyn kumlbúans einnig máli.

Í töflu 3 hef ég tekið saman í hvernig tegundum af röskuðum gröfum nokkrar tegundir af haugfé finnst aðallega.

Tafla 3. HAUGFÉ EFTIR Í GRÖFUNUM

	Samtengd bein en sum bein vantar	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana...	Sundurlaus og ótengd bein en ...	Tóm gröf	Ekki vitað
Hestur	6	10	4	6	7
Hundur	1	3	2		
Sverð	1	1		1	1
Spjót	2	2	1	2	1
Öxi					1
Hnífur	5	1			
Nælur		1	1		
Sörvi	2	1	4	1	1
Öllu rænt		3		2	4
Ekki öllu rænt	12	15	7	7	10

Eins og sést finnast hestar helst í gröfum sem eru sundurlausar og beinin eru ótengd og dreifð á tilviljunarkenndan hátt en einnig í gröfum þar sem beinin eru samtengd en sum bein vantar. Hestar finnast einnig í gröfum þar sem öll mannabein hafa verið fjarlægð. Það gæti bent til þess að þær grafir hafi verið opnaðar til að flytja mannabeinin í grafreiti þar sem ekki tíðkaðist að setja hrossabein í kristnar grafir.

Á Aðalbóli í Jökuldalshreppi, kuml 129, var grafið upp árið 1890 af Sigurði Vigfússyni. Þar var haugur sem stóð um 70-80 fœðum út frá Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Sigurður fann tvær grafir en aðeins annarri þeirra hafði verið raskað. Hann taldi að þar sem aðeins önnur gröfin var hreyfð hafi kumlbrjótnum ekki þótt hann fá nógu mikla umbun við uppgröftinn og því einungis grafið upp aðra gröfina. Það bendir til að gröfin hafi verið fátækleg af haugfé frá upphafi.⁵³

Árið 1945 fundust forn kuml við Surtstaði (nr. 132) í Hlíðarhreppi. Jón Steffensen rannsakaði kumlin árið 1949 en þá sást greinilega að kumlið hafði verið rænt fyrir löngu og aðeins voru fótbein og fótleggir í upprunalegri stöðu. Við nánari athugun kom í ljós að tvær beinagrindur höfðu verið heygðar í kumlinu en ekki á sama tíma. Fyrst hafði verið heygður þar miðaldra maður en síðar meir hafði fullorðin kona einnig verið heygð í kumlinu og fótleggir hennar lágu yfir fætur karlmansins. Eina haugféð sem fannst voru 13 litlar sörvistölur og fjögur brot og leifar af hníf.⁵⁴ Jón Steffensen taldi að kumlið hafi fyrst verið gert fyrir karlmann en nokkrum árum síðar hafi kumlið verið rofið til að koma konunni fyrir. Hann telur að maðurinn og konan hafi þekkt og líklega verið hjón. Aftur hafi kumlið verið rofið og þá líklega til að nálgast vopn að því hann telur þar sem engin vopn fundust í gröfinni. Hann telur að ólíklegt sé að maðurinn hafi verið lagður í gröfina vopnlaus þar sem konunni fylgdu einhverjir munir. Jón telur að kumlið hafi verið rofið á Sturlungaöld þar sem þá hafi verið meiri þörf fyrir vopn en áður. Sá sem raut gröfina gekk alveg þokkalega frá beinunum, safnaði þeim saman í eina hrúgu og síðan hefur hann hulið þau að nýju og látið steina þrjá yfir beinin. Ef til vill til að skilja við kumlið eins og hann kom að því.⁵⁵ Þetta er því að mati Jóns dæmi um kuml sem eitthvað hafi verið tekið úr. Það er því mismunandi eftir kyni hvort kumlin voru rænd eða ekki, en þá hlýtur ránið að hafa átt sér stað stuttu eftir greftrun meðan enn var vitað hver var þar grafinn.

5.4.1. KYN KUMLBÚANS

Mér taldist svo til að 10 kvenkuml hafi verið rænd, 19 karlkuml og 37 kuml var ekki hægt að greina til kyns. Samkvæmt þessu hafa fleiri kuml karla en kvenna verið rænd. Það er þó venja að það finnist fleiri karlkuml en kvenkuml frá forsögulegum tíma. Af þeim kumlum sem koma fyrir í bókinni Kuml og haugfé er hægt að kyngreina 165 beinagrindur. Þar af eru 100 beinagrindur karla og 65 beinagrindur kvenna. Af þeim

53 Kristján Eldjárn 2000:216

54 Kristján Eldjárn 2000:220

55 Jón Steffensen 1952:79-80

gröfum sem fundist hafa frá járnöld Noregs er hlutfallið þannig að 3818 karlagrafir hafa fundist en 1152 konugrafir. Í dönskum víkingaaldar gröfum er hlutfallið þó nokkuð jafnt á milli kynjanna. Sá mikli munur sem er á milli fjölda karlkumla og kvenkumla á Íslandi og í Noregi virðist benda til þess að konur hafi fremur fengið fátæklega greftrun.⁵⁶

Talið er að sumt haugfé hafi frekar verið í karlgröfum og annað frekar í kvengröfum. Það er þó ekki hægt að fullyrða það en ef beinagrind hefur frekar karllegt útlit og einnig frekar karllegt haugfé bendir margt til þess að þar sé á ferð karlkuml. Ég hef því skipt haugfé í tvö flokka eftir því hvort algengara sé að það finnist í karlkumlum eða kvenkumlum.

5.4.2. KARLLÆGIR HLUTIR

Samkvæmt því sem ég hef talið saman hafa fundist að minnsta kosti 4 sverð, 8 spjót og 1 öxi í kumlum sem hafa verið rænd. Ekki hefur þó verið hægt að greina allar þessar grafir sem karlkuml en þessar tegundir haugfjár benda til þess að um karlkuml sé að ræða.

Í kumlum hafa alls fundist 16 sverð og 4 sverð í rændum gröfum. Það er því nokkuð hátt hlutfall sem gæti bent til þess að sverðin hafi verið orðin léleg þegar grafirnar voru rendar eða þá að kumlbrjótarnir hafa ekki verið að sækjast eftir verðmætum. Ekki er auðvelt að vita hvort önnur hvor ástæðan sé rétt en ef hægt væri að aldursgreina öll grafarránin mundi það gefa vísbendingu.

Alls hafa fundist 56 spjót í kumlum hér á landi en einungis 8 í kumlum sem hafa verið rænd. Það er nokkuð lítið hlutfall eða aðeins rúm 14% en ætti í raun að vera 26% samkvæmt fjölda rendra kumla miðaða við fjölda kumla. Hugsanlegt er að erfitt sé að greina spjótin þegar þau eru farin að ryðga og þess vegna finnist ekki fleiri. Einnig getur verið að þau hafi verið eftirsóknarverð og því hafi þeim oft verið rænt. Í Ytra-Hvarfi, kuml 85, fannst til dæmis spjót í gröfinni en talið er að það hafi verið skilið eftir þar sem það hafi falbrotnað þegar gröfin var rænd.

Mjög athyglisvert er hversu fáar axir hafa fundist í rændum kumlum eða aðeins 1. Aftur á mót hafa fundist 24 axir allt í allt í kumlum. Það er því mjög lágt hlutfall eða aðeins 4,2%. Þetta gæti bent til þess að axir hafi verið eftirsóttarverðar. Þær hafa eflaust varðveist betur í gröfunum en til dæmis sverð og spjót þar sem þær eru þykkari og ekki eins fínlegar. Það að svo fáar axir hafi fundist gæti því bent til þess að kumlir

56 Kristján Eldjárn 2000:303

hafi verið rænd nokkuð snemma og axirnar hafi enn verið nógu heillegar til að þær væru enn brúklegar.

Athyglisvert er hversu fáar skjaldarbólur hafi fundist í kumlum sem rofin hafa verið en aðeins er getið um eina skjaldarbólu í gröfunum sem hafa verið rændar og er það í kumli sem fannst við Kirkjubæjarklaustur, kuml 154. Í þeim kumlum sem fundist höfðu fyrir 1999 og fjallar er um í Kuml og haugfé hafa fundist 13 skjaldarbólur⁵⁷ og því er þetta nokkuð lítið að einungis hafi fundist 1 skjaldarbóla í gröfum sem átt hefur verið við.

Hnífar eru dæmi um hlut sem finnast bæði í karlkumlum og kvenkumlum en þeir eru eitt algengasta haugféð og hafa fundist í 53 kumlum. Af þeim er hægt að greina 28 þeirra sem karlkuml en 13 sem kuml kvenna.⁵⁸ 9 hnífar að minnsta kosti hafa fundist í þeim kumlum sem hefur verið raskað. Þetta er töluverður fjöldi af hnífum og því er fróðlegt að velta ástæðunni fyrir fjölda þeirra fyrir sér. Ef til vill voru þeir ónýtir þegar kumlin voru rofin og þeir fundust. Einnig getur verið að kumlbrjótarnir hafi ekki fundið þá eða kannski þóttu þeir ekki nógu merkilegir?

5.4.3. KVENLÆGIR HLUTIR

Í kumlum sem hefur verið raskað hafa fundist 4 kamar og 3 nælur samkvæmt minni talningu. Það getur ekki talist mikið þar sem allt í allt hafa fundist 58 nælur á 157 kumlastöðum. Það er því ekki há prósentu. Það gæti bent til þess að nælunum hafi verið rænt og að þær hafi þótt eftirsóknarverðar. Algengasta skartið í kvenkumlum eru kúptar nælur en algengast er að þær finnast tvær og tvær saman. Í kumlum sem hefur verið raskað hafa fundist tvær tungunælur og ein kringlótt næla. Tungunælurnar tvær fundust í Kornsó, kuml 63, í Ásahreppi. Uppgraftarskýrslan frá þeim uppgreftri er samt ekki mjög skýr og ef til vill hefur kumlið ekki verið rænt. Ef svo er þá hefur einungis fundist ein næla í röskuðum kumlum hér á landi. Það er á Þorljótsstöðum, kuml 74, í Lýtingsstaðahreppi. Þar fannst kringlótt næla úr bronsi með Borróstíl um síðustu aldamót.⁵⁹

Talsvert finnst af sörvistöllum í kumlum sem hafa verið rænd. Gera má ráð fyrir að þær hafi ekki fundist þegar kumlin voru rænd upphaflega eða þær ekki þótt nógu merkilegar. Sörvistölur eru litlar og erfitt getur verið að finna þær þegar þær hafa komist í snertingu við mold til dæmis. Í Garðshorni í Svarfaðardalshreppi fundust

57 Kristján Eldjárn 2000:244-302

58 Kristján Eldjárn 2000:350-351

59 Kristján Eldjárn 2000:137-302

höfuðbeinaleifar úr ungri stúlku en gröfin hafði verið rænd áður. Hjá höfuðbeinaleifunum fundust tvær sörvistölur úr gleri, önnur var gul en hin var græn en báðar voru mjög smáar. Kristján Eldjárn telur að þarna hafi líklegast verið hálsmen sem kumlbrjótarnir hafa rænt. Líklegast hafa þeir ekki fundið sörvistölurnar tvær sem fundust við fornleifarannsóknina.⁶⁰ Í nokkrum kumlum finnast fáar sörvistölur og virðist það benda til þess að kumlbrjótarnir hafi ekki fundið þær. Líklegt má telja að hálsfestarnar hafi slitnað í sundur og aðeins hluti af þeim fundist en hinar tölurnar orðið eftir. Samkvæmt þeim sörvistölum sem fundist hafa í íslenskum kumlum hefur verið algengt að karlmenn bæru nokkrar sörvistölu í bandi um hálsinn en ekki heilu hálsfestarnar. Konur hafa aftur á móti verið með hálsfestar gerðar úr sörvistölum.⁶¹

Hér á landi hafa samtals fundist 980 perlur í 44 kumlum en perlukumlin dreifast um landið allt en eru þó flest í Eyjafirði. Perlur hafa samtals fundist í 14% af öllum kumlum en þó er hlutfallið mjög misjafnt eftir landssvæðum. Athyglisver er hversu fá perlukuml hafa fundist í Rangárvallasýslu. Ekki er gott að segja hver ástæðan er en mögulegt er að fólk í Rangárvallasýslu hafi borið perlur en ekki kosið að láta grafa sig með þær en einnig gæti það verið vegna framboðs á perlum, en flestar þær perlur sem fundist hafa á svæðinu eru frá seinni hluta 10. aldar eða fyrri hluta 11. aldar. Einnig getur verið að Rangæingar hafi verið farnir að draga verulega úr haugfé í gröfum á þeim tíma sem perlur voru hvað vinsælastar á svæðinu. Algengast er að það séu 1-6 perlur í hverju kumli en líklegast hafa þær verið fleiri þar sem kumlin voru hér áður oft grafinn upp af áhugamönnum sem gætu hafa sést fram hjá smáum perlunum.⁶²

Í þeim gröfum þar sem mikið finnst af verðmætum hefur haugféð á stundum verið hulið og kumlbrjótarnir ekki fundið það. Einnig getur það bent til þess að grafirnar hafi fundist seint og allt hafi verið orðið ónýtt. Steinar hafa til dæmis ekki þótt nógu verðmætir þar sem töluvert hefur fundist af þeim í rofnum gröfum. Þeir voru ef til vill einhvers konar óskasteinar eða happasteinar og of algengir til að þeir væru teknir. Einnig getur verið erfitt að greina á milli fallegra steina og venjulegra steina þegar mold er komin utan um þá.

5.4.4. DÝR

Mjög algengt virðist hafa verið að grafa hesta með fólki og hestkuml hafa fundist með mannakumli í meirihluta þeirra kumla sem hafa verið rænd, eða í 33 kumlum. Beisli

60 Kristján Eldjárn 2000:157

61 Kristján Eldjárn 2000:385

62 Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2005:105-106

og annar reiðbúnaður er mög algengur í kumlum sem hefur verið raskað og mikið af þeim járnleifum sem finnast í kumlum virðast vera úr einhvers konar reiðtygjum. Reiðtygin hafi því ekki verið eftirsóknarverð eða þau orðin léleg og ónýtt þegar kumlin voru rænd. Það bendir til að kumlin hafi ekki verið rænd fyrr en töluvert eftir að þau voru gerð eða þá að reiðtygin hafi ekki þótt eftirsóknarverð.

Samtals taldi ég 6 leifar af hundum í kumlunum sem hafði verið raskað en alls hafa fundist 20 hundar allt í allt í kumlum á Íslandi. Algengast er að hestur sé einnig í kumlinu þar sem hundsbein finnast.

5.5. KAFLANÐURSTÖÐUR

Hér um bil helmingur grafa sem hafa verið rændar hafa verið skildar eftir í óreiðu eftir að gramsað var í þeim. Einnig er nokkuð um tómar grafir sem getur bent til þess að beinin hafi verið flutt í kirkjugarð. Ekki er auðvelt að aldursgreina grafarránin en þó eru nokkrar grafir sem hægt hefur verið að aldursgreina. Grafir sem opnaðar hafa verið virðast einnig oft vera á svipuðum stöðum og til dæmis eru mjög margar grafir, sem hafa verið opnaðar, á Tröllaskaga. Haugfé er mjög mismunandi mikið sem gæti bent til þess hversu vel grafirnar voru búnar og einnig hvert kyn kumlbúans var. Ef mikið haugfé finnst hefur það ef til vill bent til þess að gröfin hafi verið rænd þegar haugféð var orðið illa farið. Af hverju voru kumlbrjótarnir að leita? Voru þeir að leita að hlutum sem voru úr einhvers konar góðmálmum af nælum, vopnum eða öðru slíku. Góðmálmar varðveitast iðulega betur í jörðinni og ættu því að endast betur en járn en það er þó ekki hægt að alhæfa um þetta. Margar ástæður geta verið fyrir því af hverju ekki finnst meira af hlutum úr góðmálmum, svo sem hvaða aðferðir eru notaðar í fornleifarannsóknunum og fleira.

6. NÝLEGAR RANNSÓKNIR

Hér að framan hefur einungis verið farið yfir þær grafir sem tiltekna eru í Kuml og haugfé en nú mun ég fjalla um nokkrar af þeim gröfum sem fundist hafa síðan bókin var gefin út að nýju árið 2000. Allar grafirnar sem ég fjalla um hafa verið rannsakaðar af Fornleifastofnun Íslands. Á flestum stöðunum er ekki búið að ljúka við rannsóknirnar og því liggja ekki fyrir nákvæmar niðurstöður. Ég hef því reynt að vinna úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja.

6.1. HRINGSDALUR

Í fornleifauppgreftri sem fram fór í Hringsdal árið 2008 kom nokkuð merkilegt í ljós. Bátkuml fannst en ekki er alengt að finna þau á Íslandi. Kristján Eldjárn fjallar einungis um 5 bátkuml í bók sinni og tvö kuml sem gætu verið bátkuml.⁶³ Í óprentaðri skýrslu um Hringsdal frá Fornleifastofnun er gröfin merkt númer 125. Gröfin hafði verið rænd eins og grafirnar í kring og einnig hafði gröfin skemmst vegna jarðrofs. Beinleifarnar sem fundust í gröfinni voru mjög hreyfðar og eitthvað af beinunum var utan við gröfina vegna ránsins en einnig vegna jarðrasks. Það sem merkilegast er við bátsgröfina í Hringsdal er sú vitneskja sem hægt er að sjá út úr mannabeinunum sem fundust. Á þeim er hægt að sjá að líklegast hefur ennþá verið eitthvað kjöt á beinunum þegar gröfin var rænd.⁶⁴

Uppgröfturinn í Hringsdal gefur til kynna að kumlin hafi að einhverjum hluta að minnsta kosti verið rænd stuttu eftir að grafirnar voru gerðar og það samræmist því sem kom fram hjá Brögger í 2. kafla. Þar sem enn hefur verið eitthvað skinn og kjöt á beinunum bendir það til þess að kumlið hafi verið rænt innan 10 ára frá gerð þess. Það er því augljóst að menn hafa vitað hver var grafinn þar og því hafa menn líklegast vitað hvað var í gröfinni.

6.2. KÁLFSKINN

Fornleifarannsókn sem fram fór á Reiðmel í Kálfskinni árið 2005 leiddu í ljós tvö áður óþekkt mannskuml frá heiðni. Þær upplýsingar sem fram koma hér eru úr skýrslu sem gerð var um uppgröftinn.

Kuml 1 innihélt fáein hreyfð mannsbein og nokkra jármuni. Hildur Gestsdóttir

63 Kristján Eldjárn 2000:276

64 Rannsóknarskýrsla um kumlin í Hringsdal 2008

rannsakaði beinin og hún taldi 21 bein og beinaleifar og 21 mannstönn. Ekki var hægt að úrskurða um kyn kumlbúans en þau eru úr fullorðnum einstaklingi sem látist hefur fyrir 31 árs aldur. Járnmunirnir eru ef til vill leifar af kistli. Við norðurenda grafarinnar hafði verið heygður hestur í sér gröf. Hausbeinin vantaði að mestu leyti en annars var beinagrindin mjög heilleg og lítið hreyfð. Ekkert haugfé fannst í hrossgröfinni en tvö fótarbein úr sauðkind fundust. Þau hafa ef til vill lent í gröfinni eftir að hún var rænd en það er mjög áhugavert.

Kuml 2. Þar fundust einnig tvær grafir og í báðum gröfunum fundust leifar af mannsbeinum og hrossbeinum. Beinir höfðu öll verið hreyfð mikið en af lögum grafanna má ætla að maðurinn hafi legið í syðri gröfinni. Alls fundust 12 mannsbein og brot og 10 mannstennur. Hildur Gestsdóttir rannsakaði beinin og telur þau vera úr karlmanni, 22-33 ára gömlum. Ekkert haugfé fannst með kumli númer 2.

Ekki er hægt að segja mikið um umbúnað kumlanna þar sem þau höfðu verið rofin og rænd fyrir all löngu síðan. Nánast ekkert haugfé fannst við uppgröftinn svo ætla má að haugféð hafi verið fjarlæggt við haugrofið. Leifar af kistli eða öðrum svipuðum grip úr tré, ásamt hesti og hundi fundust í öðru kumlinu en einungis hestur í hinu. Hross eru meðal algengustu gerðar haugfjár hér á landi. Ef til vill finnast fleiri kuml á Reiðmel en staðurinn þarfnast frekari rannsóknar.⁶⁵

Það er svo sem ekki mikið nýtt sem kom fram í fornleifauppgreftrinum á Kálfskinni og engin ný aldursgreining á því hvenær áætlað er að kumlin hafi verið rænd. Það er þó talið líklegt að haugfé hafi verið tekið þegar gröfin var rænd svo ef til vill hafa kumlbriótarnir verið að sækjast eftir því.

6.3. SALTVÍK Í REYKJAHVERFI

Eitt af þeim fáu kumlum þar sem hægt hefur verið að aldursgreina kumlrofið nokkuð nákvæmlega er Saltvík í Reykjahverfi og kumlin eru að meira að segja tvö talsins. Gjóskulagið frá 1477 liggur mjög reglulega yfir öllu svæðinu og þar á meðal yfir gröfunum tveimur. Ekki sást neitt áfokslag á milli gjóskunnar og uppmokstursins frá kumlbriótum sem bendir til þess að gjóskan hafi fallið skömmu eftir að kumlið var rofið.⁶⁶

Í kumli númer 1 virtist svo vera að grafarræninginn hafi grafið sig niður við suðurenda grafarinnar og grafið síðan skurð þvert yfir gaflinn á henni. Síðan hafi hann

⁶⁵ „Kumlfundur á Kálfskinni á Árskógsströnd.” 2009:4-28

⁶⁶ „Kuml í Saltvík í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu (drög)” 2005:7

elt gröfina til norðurs. Í suðurenda grafarinnar, á botninum, fannst beinagrafl sem var í frekar lélegu ásíggkomulagi. Beininn lágu óreglulega og ljóst var að þau hafi verið færð úr stað, enda voru beinin í lausu og hreyfðu lagi þar sem mest hafði verið raskað við gröfina. Ekki fannst mikið af haugfé en það sem fannst var aflöng járnþynna og 5 önnur smá járnprot, ef til vill leifar af kistli og viðgerð á járnþotti. Í sporöskulaga gryfju sem var norðan við gröfina fannst hrúga af beinum, bæði úr hrossi og manni en engir gripir fundust þar.⁶⁷

Kumli númer 2 var einnig undir gjóskulagi frá 1477 eins og kumli númer 1 og á ummerkjunum sást að sá sem gróf ofan í gröfina hefur ekki mokað ofan í hana aftur. Ekkert haugfé fannst í gröfinni en í fyllingunni í botni grafarinnar fundust nokkur illa farið bein úr manni. Ummerkin eru eins og við kumli númer 1 og kumlin liggja samsíða. Kumli númer 2 fylgir þó ekkert hrosskumli.⁶⁸

Niðurstaðan úr rannsókninni er áhugaverð þar sem sjaldan er hægt að aldursgreina kumlaránin svo nákvæmlega eins og í fornleifarannsókninni í Saltvík. Kumlunum hefur verið raskað skömmu áður en gjóskulagið frá 1477 féll en gjóskulag frá 1300 sést ekki í jarðveginum á þessum slóðum. Þessar niðurstöður eru því ekki alveg í samræmi við niðurstöðurnar frá Hringsdal þar sem kumlin í Hringsdal virðast hafa verið rænd um 10 árum eftir að þau voru gerð.

6.4. LITLU-NÚPAR Í AÐALDAL

Árið 2004 voru grafin upp 2 kumli á Litlu-Núpum en árið 1917 höfðu einnig verið grafin upp tvö kumli þar. Fornleifastofnun Íslands framkvæmdi uppgröftinn og allar upplýsingar sem fram koma eru úr skýrslum þeirra. Ekki er ósennilegt að fleiri kumli hafi verið á svæðinu þar sem stór rofablettur er þar sem þau fundust. Því er nokkuð víst að fleiri kumli leynast þar. Ef til vill er hér kominn uppruninn að sögninni um að reimleikar hafi lagt Litlu-Núpa í eyði á sínum tíma.

Kumli 1. Kumlinu hafði verið raskað mikið og það áður en gjóskulagið frá árinu 1477 féll. Við raskið höfðu brúnir grafarinnar verið grafnar burt að mestu leyti. Engir gripir fundust í gröfinni við rannsóknina en af þeim beinaleifum sem fundust mætti ætla að þarna hafi verið hrossgröf. Lögun grafarinnar minnir þó meira á mannsgröf. Rétt norðan við gröfina sést lítil þúst og líklegt er að þar leynist annað kumli og ekki er ólíklegt að kumlin eigi saman og séu kumli manns og hests.

67 „Kumli í Saltvík í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu (drög)”. 2005:5

68 „Kumli í Saltvík í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu (drög)”. 2005:6

Kumli 2. Fimm metrum sunnan við kumli 1 fannst annað kumli sem sagt var frá hér áður. Þegar gróður mold var fjarlægð kom gjóskulagið frá 1477 í ljós og lá það yfir allri gröfinni. gjóskulagið frá árinu 1300 lá einnig óhreyft ofan á gröfinni og undir því var um 3 sm þykkt lag af dökkri mold. Undir því kom í ljós niðurgroftur með óreglulegum gröfum. Þegar fyllingin var fjarlægð komu í ljós tvær grafir. Í norður gröfinni fannst eitt mannsbein, vala, úr fullorðnum einstaklingi en ekki var hægt að greina kynið. Einnig fannst hringja af reiðtygjum sem var mjög ryðguð. Í suður gröfinni fundust bein úr hesti og hundi, tvær hringjur úr járn og töluvert af járnbrotum, sum með ryðmettuðum viðarbútum áföstum. Í fyllingunni í suður gröfinni fundust 52 bein og beinbrot. Flest eru þau illa varðveitt og mjög veðruð. Beinin eru úr einum hesti, en hann virðist hafa verið lagður heill í gröfina og mögulega bein úr tveimur hundum. Ekki var hægt að greina 20 bein en þau eru líklega úr hesti, hundi og ef til vill úr manni. Beinin lágu öll á víð og dreif og voru mjög óregluleg. Líklegast er að norður gröfin hafi verið mannsgröf en að hundur og hestur og reiðtygi hafi verið grafin í syðri gröfinni.

Það er því hægt að segja að kumlið hafi verið rofið á um það bil 11.-13. öld. Þá hafi verið grafið niður í báðar grafirnar og það haugfé sem hefur verið til staðar hefur verið fjarlægt fyrir utan söðulinn. Líklega hefur gröfunum ekki verið lokað aftur og beinin hafa því veðrast og brúnirnar á gröfunum aflagast. Torfsneplar sem fundust í grafarfyllingunni gefa til kynna að gjóskulagið frá landnámssýrpunni hafi verið til staðar þegar gröfin var tekin.⁶⁹

Þar sem talið er að raskað hafi verið við kumli númer 2 á milli 11. og 13. aldar er líklegt að kumli númer 1 hafi einnig verið raskað á þessu tímabili og líklega á sama tíma og kumli númer 2.

Sumarið 2007 fannst bátkumli hjá Litlu-Núpum. Fornleifastofnun Íslands rannsakaði svæðið og í ljós kom að minnsta kosti þrjár manneskjur höfðu verið grafnar. Beinin voru mjög illa varðveitt og þau höfðu verið mikið úr lagi færð. Talið er að beinin hafi verið úr tveimur karlmönnum og einni konu. Einu gripirnir sem fundust voru ein stór hnöttótt svartgljáandi perla og lítil fínleg sextrend uppmjó bronsbjalla, sem skreytt er litlum depilhringjum. Aðeins höfðu fundist fjórar samskonar bjöllur hér á landi áður

69 „Kumlin hjá Litlu-Núpum í Aðaldal. Fornleifarannsókn 2004 (drög).” 2005:11

en þær geta borið vitni um tengsl við önnur lönd. Sams konar bjöllur hafa einnig fundist á Norður-Englandi og Skotlandi.⁷⁰

Kumlateigurinn á Litlu-Núpur er greinilega mjög áhugaverður og vert er að rannsaka hann meira. Aldursgreiningarnar á röskunum kumlanna á bilinu 11. til 13. öld gefa sömu niðurstöðu og kumlin í Saltvík og Hringsdal.

6.5. KAFLANÍÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar úr þeim kumlarannsóknum sem fram hafa farið síðastliðin ár benda til þess að kumlin hafi verið rænd fyrir 1477. Kumlin í Hringsdal, Saltvík og Litlu-Núpum benda til þess, en ekki er hægt að segja til um aldurinn á kumlaráninu í Kálfskinni. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það sem Brögger telur. Ekki hafa fundist miklar leifar af haugfé í gröfunum sem gæti ef til vill bent til þess að þær hafi verið rendar út af því.

Nýlegar rannsóknir koma nokkuð vel saman við það sem fram kemur í Kuml og haugfé. Kumlin virðast öll hafa verið mikið röskuð og einnig hefur verið mikið raskað við beinunum. Ekki virðist vera nein ein leið sem kumlunum hefur verið raskað. Kumlið í Saltvík virðast vera undantekning á þessu en þar hafði grafarræninginn grafið sig niður í kumlið og síðan elt gröfina til norðurs. Hann eða þeir virðast því hafa notað öðruvísi tækni en ég hef séð áður. Algengast var að moka upp gröfina á tilviljanakenndan hátt. Þetta gæti einnig vera vegna betri vinnubragða fornleifafræðinga og nákvæmari uppgraftarskýrslna.

Staðsetning kumlanna er æði misjöfn og því er erfitt að segja að þau hafi frekar fundist á einum stað en öðrum. Þau eru bæði niður við og upp á melunum. Það er því erfitt að fá einhverja niðurstöðu um það út frá svona litlu sýnishorni. Rannsóknirnar á staðfræði kumla, sem fjallað er lítillega um hér áður og Adolf Friðriksson hefur staðið fyrir, eiga eflaust eftir að skila áhugaverðum niðurstöðum eftir nokkur ár.

70 „Bátkumlið á Litlu-Núpum” (drög). 2007:1

7. NIÐURSTÖÐUR

Ef litið er á þær fjórar meginkenningar sem fræðimenn hafa sett fram um kumlarán og sagt er frá í 3. kafla sést að hluti af íslensku grafarránunum fellur ágætlega inn í þá flokka eins og fram kemur hér á eftir.

Af þeim gröfum sem skoðaðar hafa verið er erfitt að segja með nokkurri vissu að grafarránin hafi verið framin til að þagga niður í þeim dauðu, friða drauga eða í hinum slæma tilgangi að vekja upp hina dauðu. Íslendingasögurnar benda til þess en erfitt er að sanna það með fornleifafræðilegum heimildum.

Í þeim heimildum sem til eru á Íslandi um grafarrán er ekkert sem bendir til að ráðist hafi verið á grafir vegna deilna á milli manna enda byggist kenningin að mestu á norskum heimildum. Ekki er vitað um neinar ríkulegar grafir á Íslandi eins og finnast á hinum Norðurlöndunum og þetta gæti átt við um.

Til eru nokkur dæmi um grafarrán þar sem kenningin um að kumlin hafi verið opnuð til að færa beinin í kristna grafreiti gæti átt við. Fornleifafræðilegu vísbendingarnar eru þær að það vanti öll bein í grafirnar og að raskað hafi verið við þeim eftir árið 1000 eftir Krist eða þar um bil. Kumlið sem fannst í Austarhól, kuml 82, í Haganeshreppi árið 1964 gæti verið dæmi um kuml sem raskað var til að flytja beinin í kristinn grafreit. Gröfin virtist í fyrstu óhreyfð en við nánari skoðun kom í ljós að öll beinin virðast hafa verið fjarlægð úr henni en töluvert af haugfé skilið eftir. Í 9. kumlinu á Ytra-Garðshorni, kumli 87, kom í ljós að tveir bútar úr lærlegg höfðu verið lagðir í kross og voru þetta einu beinin sem fundust í gröfinni. Það virðist vera að þetta hafi verið gert af ásettu ráði. Haugfénu virðist ekki hafa verið rænt en þó getur verið að það hafi ekki sést þar sem hlutirnir er allir frekar litlir sem fundust við fornleifarannsóknina.

Mörg dæmi eru um grafir sem benda til þess að grafirnar hafi verið opnaðar til að endurheimta verðmæta hluti. Kumlið á Strandarhöfða, kuml 6, er dæmi um þetta. Þar hafði ekki verið hreyft við fótarbeinunum og nánast ekkert haugfé fannst en haugféð var yfirleitt staðsett við efri hluta líkamans. Gröf á Vatnsnesi, kuml 59, er einnig dæmi um kuml sem þessi kenning gæti átt við. Þar voru mannabeinin öll á tvístringi nema fótleggirnir.

Kuml virðast því hafa verið rofin af mismunandi ástæðum sem fjallað hefur verið um hér að ofan. Kumlarán koma fyrir í sögum, bæði Íslendingasögum og þjóðsögum, svo ekki er hægt að neita því að menn hafi vitað til þess að kuml hafi verið rænd á þeim tíma. Það að kuml hafi verið brotin á þeim tíma sem Íslendingasögurnar voru skrifaðar bendir til þess að þau hafi því verið rofin stuttu eftir að þau voru gerð. Það er í samræmi við það sem Brögger fjallar um í sinni grein og líst er í 4. kafla.

Af þeim gröfum sem rofnar hafa verið og koma fram í bók Kristjáns Eldjárns *Kuml og haugfé* hefur um helmingur verið skilinn eftir í óreiðu og einnig er nokkuð um tómar grafir. Ef staðsetning rofinna kumla er skoðuð sést að mörg þeirra eru á svipuðum slóðum, svo sem á Tröllaskaganum.

Haugfé er mjög mismunandi mikið, sem gæti bent til efnahags kumlbúans og einnig hvert kyn hans var. Ef mikið haugfé finnst getur það bent til þess að gröfin hafi verið rænd þegar haugféð var orðið illa farið. Af hverju voru kumlbrjótarnir að leita? Voru þeir að leita að hlutum sem voru úr einhvers konar góðmálmum, það er nælum, vopnum eða öðru slíku. Góðmálmur varðveitast iðulega vel í jörðinni og ættu því að endast betur en járn en það er þó ekki hægt að alhæfa um þetta. Margar ástæður geta verið fyrir því af hverju ekki hefur fundist meira af hlutum úr góðmálmum, svo sem hvaða aðferðir eru notaðar í fornleifarannsóknum, jarðvegsgerð og fleira.

Niðurstöðurnar úr þeim kumlarannsóknum sem fram hafa farið síðastliðin ár benda til þess að kumlin hafi verið rænd fyrir 1477. Kumlin í Hringsdal, Saltvík og Litlu-Núpum staðfesta það. Aftur á móti má velta fyrir sér að þar sem ekkert haugfé finnst hvort það sé vísbending um að haugfénu hafi verið rænt eða hvort lítið hafi verið af haugfé í gröfinni upphaflega. Einnig eiga rannsóknirnar á staðfræði kumla, sem fjallað er lítilega um hér áður, sem Adolf Friðriksson hefur staðið fyrir, eflaust eftir að skila áhugaverðum niðurstöðum eftir einhver ár.

Án efa liggja margar grafir enn undir ösku og öðrum jarðvegi og þegar þær finnast verður hægt að rannsaka þær með tilliti til þess hvort grafið hefur verið í þær eða ekki. Það er því mjög mikilvægt að fornleifafræðingar hafi einhverjar leiðbeiningar um það hvað þarf að hafa í huga við uppgröft og rannsóknir þegar sést að áður hefur verið átt við grafirnar. Hér hef ég því búið til hugmynd af lista sem gott væri að fornleifafræðingar færu eftir þegar þeir grafa í kuml. Það gæti samræmt og auðveldað rannsóknir á grafarránum seinna meir. Með því gæti einnig verið auðveldara að skilja mismunandi ástæður grafarrána.

- a. Tímasetning ránsins. Ef ekki er hægt að tímasetja ránið nákvæmlega verði

reynt að gera það eins nákvæmlega og hægt er. Til dæmis með því að segja til um hversu stutt eftir gerð grafarinnar henni var raskað.

- b. Gera skýra skráningu á útlínunum á raskaða grafarsniðinu. Þar á meðal hvort grafarskurðurinn í grafarránninu fari yfir alla gröfina eða ekki.
- c. Greinagóð lýsing á því hvernig beinunum hefur verið raskað. Er röskunin skipulögð eða er hún gerð af handahófi.
- d. Velta því fyrir sér hvort grafirnar hafi verið áberandi, athuga lögun og staðsetningu þeirra.
- e. Athuga jarðvegsgerðina með tilliti til varðveislu beina og haugfés.
- f. Athuga þær upplýsingar sem við höfum úr kristnum grafreitum um það að bein hafi verið endurgrafin. Eru til dæmi um ótengd bein í gröfum í kirkjugörðum sem geta bent til þess að bein úr kumlum hafi verið flutt þangað seint.
- g. Hvaða sannanir höfum við úr seinni tíma fornleifauppgreftri eða seinni tíma gröfum um hluti sem eru mun eldri en flest annað sem finnst í uppgreftrinum. Það gæti bent til að hlutir úr eldri gröfum hafi verið rænt og þeir settir í grafirnar.
- h. Frekari samanburður á haugfé miðað við staðsetningu kumla sem grafirnar hafa verið upp nú þegar.

Að framansögðu sést að margt er vitað um grafarrán og ástæður þeirra en þó á margt eftir að koma í ljós á næstu árum með frekari rannsóknum og verður áhugavert að fylgjast með því.

8. HEIMILDIR

8.1. ÚTGEFIÐ EFNI

A. W. Brøgger. 1945. „Oseberggraven – Haugbrottet”. *Viking. Tidsskrift for norrøn arkeologi*. Norsk arkeologisk selskap, Oslo. Bls. 1-44

Adolf Friðriksson. 1994. „Religion”. *Sagas and popular antiquarianism in Icelandic archaeology*. Worldwide archaeology series 10. Ritstj. Ross Samson. Avebury, Great Britain. Bls 47-104

Adolf Friðriksson. 2004a. „Haugar og heiðni. Minjar um íslenskt járnaldarsamfélag.” *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Ritstj. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík. Bls. 59-63.

Adolf Friðriksson. 2004b. „The Topography of Iron Age Burials in Iceland.” *Current Issues in Nordic Archaeology*. Ritstj. Garðar Guðmundsson. Félag íslenskra fornleifafræðinga, Reykjavík. Bls. 15-16.

Adolf Friðriksson, Colleen E. Batey, Jim Woollett, Thomas McGovern, Hildur Gestsdóttir, Aaron Kendall. 2005. „Kumlin hjá Litlu-Núpum í Aðaldal. Fornleifarannsókn 2004”. Ritstj. Adolf Friðriksson. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

Adolf Friðriksson, Howell M. Roberts, Hildur Gestsdóttir, Lisa Yeomans og Guðrún A. Gísladóttir. 2009. „Kumlfundur á Kálfskinni á Árskógsströnd. Fornleifarannsókn 2006.” Ritstj. Adolf Friðriksson. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Adolf Friðriksson, Thomas McGovern, Hildur Gestsdóttir, Rúnar Leifsson, Colleen Batey og Guðrún Alda Gísladóttir. 2009. „Kuml á Daðastaðaleiti í Reykjadal. Fornleifarannsókn 2004-2005”. Ritstj. Adolf Friðriksson. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Adolf Friðriksson. 2009. „Social and symbolic landscapes in late iron age Iceland”. *Archaeologia Islandica* 7. Fornleifastofnun, Reykjavík.

- Brøgger, A. W. 1945. „Oseberggraven – Haugbrottet”. *Viking. Tidsskrift for norrøn arkeologi*. Norsk arkeologisk selskap, Oslo. Bls. 1-44.
- Carver, Martin. 1992. *The age of Sutton Hoo*. The Boydell press, Suffolk.
- Grettis saga Ásmundarsonar. 1970. *Íslendingasögur V*. Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason bjuggu til prentunar. Skuggsjá, Akranes.
- Haakon Shetelig. 1939. „Íslenzkar dysjar og fornleifar frá víkingaöld”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1937-39*, Reykjavík. Bls. 5-18.
- Jón Árnason. MCMLV. Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri III. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík
- Jón Árnason. MCMLVI. Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Jón Steffensen. 1952. „Kuml hjá Surtstöðum í Jökulsárhlíð.” *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Ísafoldarprentsmiðjan, Reykjavík. Bls. 76-80.
- Kristian Kålund. 1882. „Islands fortidslævninger”. *Aarbøger for ordisk oldkyndighed og historie*. Bls. 57-124.
- Kristján Eldjárn. 1966. „Kuml úr heiðnum sið.” *Árbók hins íslenska fornleifafélags. Ritstj. Kristján Eldjárn*. Ísafoldarprentsmiðjan, Reykjavík. Bls. 5-68.
- Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé: Úr heiðnum sið á Íslandi*. (2. útgáfa) Adolf Friðriksson ritstýrði. Fornleifastofnun Íslands, Mál og Menning og Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Neil Price. 2008. „Dying and the dead: Viking age mortuary behavior”. *The viking world*. Ritstj. Stafan Brink og Neil Price. Routledge, New York. Bls. 257-273.
- Ruth Maher. 2007. „Kuml, kyn og kyngervi. Athugun á íslenskum greftrunarsíðum á víkingaöld.” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2004-2005*. Ritstj. Mjöll Snæsdóttir. Hið íslenska fornleifafélag, Reykjavík. Bls. 151-168.
- Snæbjörn Kristjánsson. 1958. *Saga Snæbjarnar í Hergilsey*. Kvöldvökuútgáfan H.F. 2. útgáfa, Akureyri.

Williams, Howard. 2006. *Death and Memory in Early medieval Britain*. Cambridge University press, Cambridge.

Póra Pétursdóttir. 2009. „Icelandic viking age graves: lack in material – lack of interpretation”. *Archaeologia Islandica* 7. Fornleifastofnun, Reykjavík. Bls. 22-40.

8.2. ÓÚTGEFIÐ EFNI

Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, Colleen Batey og Thomas McGovern. 2005. „*Kuml í Saltvík í Reykjahverfi, S-Pingeyjarsýslu (drög)*”. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Adolf Friðriksson, Colleen E. Batey, Jim Woollett, Thomas McGovern, Hildur Gestsdóttir, Aaron Kendall. 2005. „Kumlin hjá Litlu-Núpum í Aðaldal. Fornleifarannsókn 2004 (drög).” Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Adolf Friðriksson, Howell M. Roberts, Hildur Gestsdóttir, Lisa Yeomans og Guðrún A. Gísladóttir. 2009. „Kumlfundur á Kálfskinni á Árskógsströnd. Fornleifarannsókn 2006.” Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2005. „Íslenskar perlur frá víkingaöld: með viðauka um perlur frá síðari öldum.” Ritgerð til M.A.-prófs. Hugvísindadeild, Sagnfræðiskor, Háskóli Íslands.

Howell Magnus Roberts. 2007 „Bátkumlið á Litlu-Núpum” (drög). Fornleifastofnun, Reykjavík.

Klevnäs, Ali. „Grave-robbing in early medieval northern Europe.” First year report. (Óútgefið).

Rannsóknarskýrsla um kumlin í Hringsdal 2008 (drög). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

VIÐAUKI

Kuml sem koma fram í *Kuml og haugfé* með viðeigandi númerum

Staður	Kumla-númer	Sýsla	Hvenær rænd	Hvernig fannst kumlið	Rannsak-andi	Rann-sóknar-ár	Staðsetning	Mannabein	Kyn	Haugfé	Dýrabein
Strandarhöfuð	6	Rangárvalla-sýsla	Fyrir löngu	Óvart	Fornleifa-fræðingur	1951	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Ekki vitað	Lítið haugfé	
Selfoss	26, kuml 1	Árnessýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa-fræðingur	1958	Líklega heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Ef til vill kona	Lítið en áhugavert haugfé	
Selfoss	26, kuml 2	Árnessýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa-fræðingur	1958	Líklega heimaland	Ekki vitað	Kona	Lítið en áhugavert haugfé	
Lækur í Flóa	28	Árnessýsla	Fyrir löngu	Óvart	Fornleifa-fræðingur	1969	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana-kenndan hátt	Ekki vitað	Lítið haugfé	Hrossabein
Hólaskógur	34, kuml 1	Árnessýsla	Fyrir löngu	Óvart	Fornleifa-fræðingur	1978	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein en endurröðuð	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	
Snartarstaðir	41	Borgarfjarðar-sýsla	Ekki vitað	Óvart	Ekki fornleifa-fræðingur	1938	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	Hrossabein
Borgarnes	43	Mýrarsýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Ekki fornleifa-fræðingur	1866	Ekki vitað	Ekki vitað	Ekki vitað	Lítið haugfé	

Staður	Kumla- númer	Sýsla	Hvenær rænd	Hvernig fannst kumlið	Rannsak- andi	Rann- sóknar- ár	Staðsetning	Mannabein	Kyn	Haugfé	Dýrabein
Innri-Fagridalur	49	Dalasýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1882	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	
Berufjörður	50a	Barðastrandar- sýsla	Fyrir löngu	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1898	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Lítið haugfé	
Berufjörður	50c, kuml 1	Barðastrandar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1898	Ekki heimaland	Tóm gröf	Ekki vitað	Ekkert haugfé	
Berufjörður	50c, kuml 2	Barðastrandar- sýsla	Líklega 1885-87	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1898	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	
Berufjörður	50c, kuml 3	Barðastrandar- sýsla	Líklega 1885-87	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1898	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Ekkert haugfé	Hrossabein
Berufjörður	50c, kuml 4	Barðastrandar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1898	Ekki heimaland	Tóm gröf	Ekki vitað	Ekkert haugfé	
Skerðingsstaðir	51	Barðastrandar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1898	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Ekki vitað	Ekkert haugfé	
Breiðavík	53	Barðastrandar- sýsla	Ef til vill rænt en það er ekki víst	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1913	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Ekkert haugfé	Hrossabein

Staður	Kumla- númer	Sýsla	Hvenær rænd	Hvernig fannst kumlið	Rannsak- andi	Rann- sóknar- ár	Staðsetning	Mannabein	Kyn	Haugfé	Dýrabein
Gröf á Vatnsnesi	59	Vestur- Húnavatnss.	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1953	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Karl	Lítið haugfé	
Kornsó	63	Austur- Húnavatnss.	Ekki vitað	Óvart	Ekki fornleifa- fræðingur	1879	Líklega heimaland	Sundurlaus og ótengd bein en endurröðuð	Kona	Talsvert af áhuga- verðu haugfé	Ef til vill hestur og hundur
Stafn	67	Austur- Húnavatnss.	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1933	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Karl	Lítið en áhugavert haugfé	Hrossabein
Höskuldsstaðir	69	Austur- Húnavatnss.	Ekki vitað	Sögusögn	Ekki fornleifa- fræðingur	1873	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	
Sólheimar	70, kuml 1	Skagafjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1956	Ekki heimaland	Ekki vitað	Karl	Ekkert haugfé	Hrossbein
Sólheimar	70, kuml 2	Skagafjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1956	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Lítið haugfé	Hrossbein
Elivogar	72	Skagafjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1954	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljanakennd an hátt	Karl	Lítið haugfé	Hrossbein

Staður	Kumla- númer	Sýsla	Hvenær rænd	Hvernig fannst kumlið	Rannsak- andi	Rann- sóknar- ár	Staðsetning	Mannabein	Kyn	Haugfé	Dýrabein
Þorljótsstaðir	74	Skagafjarðar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1948	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Ef til vill karl	Talsvert af áhuga- verðu haugfé	Hrossabein og hundsbein
Öxnadalshéiði	76, kuml 1	Skagafjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1962	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Kona	Lítið en áhugavert haugfé	Hrossabein
Enni	77	Skagafjarðar- sýsla	Fyrir löngu	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1934	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Karl	Lítið haugfé	Hrossabein
Brimnes	79, kuml 1	Skagafjarðar- sýsla	Fyrir löngu	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1937	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein en endurröðuð	Líklega karl	Lítið haugfé	Hrossabein
Brimnes	79, kuml 2	Skagafjarðar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1937	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Ekki vitað	Lítið haugfé	Hrossabein
Ljótsstaðir	80	Skagafjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1959	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	Hrossabein

Staður	Kumla- númer	Sýsla	Hvenær rænd	Hvernig fannst kumlið	Rannsak- andi	Rann- sóknar- ár	Staðsetning	Mannabein	Kyn	Haugfé	Dýrabein
Austurhóll	82	Skagafjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1964	Ekki heimaland	Tóm gröf	Ekki vitað	Talsvert af áhuga- verðu haugfé	Hrossabein
Ytra-Hvarf	85, kuml 1	Eyjarfjarðar- sýsla	Fyrir löngu	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1949	Heimaland	Tóm gröf	Ekki vitað	Talsvert af áhuga- verðu haugfé	Hrossabein
Ytra-Hvarf	85, kuml 2	Eyjarfjarðar- sýsla	Fyrir löngu	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1949	Heimaland	Tóm gröf	Ekki vitað	Lítið haugfé	Hrossabein
Ytra-Garðshorn	87, kuml 2	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1956	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Ekki vitað	Lítið haugfé	Hrossabein
Ytra-Garðshorn	87, kuml 3	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1956	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Kona	Talsvert af áhuga- verðu haugfé	Hrossabein
Ytra-Garðshorn	87, kuml 4	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1958	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Karl	Ekkert haugfé	
Ytra-Garðshorn	87, kuml 5	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1958	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	
Ytra-Garðshorn	87, kuml 6	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1958	Ekki heimaland	Tóm gröf	Ekki vitað	Lítið haugfé	Hrossabein

Staður	Kumla- númer	Sýsla	Hvenær rænd	Hvernig fannst kumlið	Rannsak- andi	Rann- sóknar- ár	Staðsetning	Mannabein	Kyn	Haugfé	Dýrabein
Ytra-Garðshorn	87, kuml 7	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1958	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Líklega kona	Lítið en áhugavert haugfé	Hrossabein
Ytra-Garðshorn	87, kuml 8	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1958	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Líklega karl	Lítið en áhugavert haugfé	Hrossabein
Ytra-Garðshorn	87, kuml 9	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1958	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein en endurröðuð	Kona	Lítið en áhugavert haugfé	
Ytra-Garðshorn	87, kuml 10	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1958	Ekki heimaland	Tóm gröf	Ekki vitað	Talsvert af áhugaverð u haugfé	Hrossabein
Dalvík (Böggvisstaðir)	88	Eyjarfjarðarsý- sla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1937	Ekki heimaland	Tóm gröf	Ekki vitað	Bátskuml	Hrossabein
Dalvík (Brimnes)	89, kuml 3	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1909	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Karl	Lítið haugfé	
Dalvík (Brimnes)	89, kuml 4	Eyjarfjarðar- sýsla	Fyrir löngu	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1909	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Ekki vitað	Bátskuml	Hrossabein og hundsbein

Staður	Kumla- númer	Sýsla	Hvenær rænd	Hvernig fannst kumlið	Rannsak- andi	Rann- sóknar- ár	Staðsetning	Mannabein	Kyn	Haugfé	Dýrabein
Hámundar- staðarstaða-háls	92	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Ekki fornleifa- fræðingur	1930	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	Hrossabein
Staðartunga	96	Eyjarfjarðar- sýsla	E.t.v. um 60 árum áður	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1932	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein en endurröðuð	Þrír karlar	Lítið haugfé	Hrossabein og hundsbein
Garðsá	102	Eyjarfjarðar- sýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1952	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Ekki vitað	Lítið haugfé	Hrossabein og hundsbein
Grímsstaðir	116	Suður- Þingeyjarsýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1952	Ekki heimaland	Ekki vitað	Líklega karl	Ekkert haugfé	
Glaumbær	120, kuml 2	Suður- Þingeyjarsýsla	Fyrir löngu	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1915	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	Hundsbein
Glaumbær	120, kuml 3	Suður- Þingeyjarsýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1915	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Ekki vitað	Ekkert haugfé	
Glaumbær	120, kuml 6	Suður- Þingeyjarsýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1915	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Lítið haugfé	Hrossabein
Brú á Jökuldal	128	Norður- Múlasýsla	1365 - 1477	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1988	Líklega heimaland	Sundurlaus og ótengd bein en endurröðuð	Ekki vitað	Lítið haugfé	Hrossabein

Staður	Kumla- númer	Sýsla	Hvenær rænd	Hvernig fannst kumlið	Rannsak- andi	Rann- sóknar- ár	Staðsetning	Mannabein	Kyn	Haugfé	Dýrabein
Aðalból	129	Norður- Múlasýsla	Eitthvað áður	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1890	Líklega heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Ekki vitað	Lítið haugfé	
Hrólfstaðir	131	Norður- Múlasýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1996	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Karl	Lítið en áhugavert haugfé	
Surtsstaðir	132	Norður- Múlasýsla	Fyrir löngu	Í rofabarði sem var að fjúka upp	Fornleifa- fræðingur	1949	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein en endurröðuð	Kona og karl	Lítið en áhugavert haugfé	
Straumur	134	Norður- Múlasýsla	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1952	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar		Lítið en áhugavert haugfé	
Hrollaugsstaðir	141	Norður- Múlasýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1952	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Karl og ef til vill kona	Lítið haugfé	Hrossabein og hundsbein
Brennistaðir	146	Suður- Múlasýsla	Fyrir löngu	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1950	Ekki heimaland	Samtengd bein en sum bein vantar	Karl	Lítið en áhugavert haugfé	

Staður	Kumla- númer	Sýsla	Hvenær rænd	Hvernig fannst kumlið	Rannsak- andi	Rann- sóknar- ár	Staðsetning	Mannabein	Kyn	Haugfé	Dýrabein
Gilsárteigur	147, kuml 1	Suður- Múlasýsla	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1957	Heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Karl en gæti verið kona	Lítið en áhugavert haugfé	
Kirkjubær	154	Vestur- Skaftafellss.	Ekki vitað	Rannsókn	Fornleifa- fræðingur	1885	Ekki heimaland	Ekki vitað	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	Hrossabein
Hrífunes	155, kuml 3	Vestur- Skaftafellss.	Ekki vitað	Óvart	Fornleifa- fræðingur	1981	Ekki heimaland	Sundurlaus og ótengd bein dreifð á tilviljana- kenndan hátt	Ekki vitað	Lítið en áhugavert haugfé	